# Bréfabók borgarstjóra 27. júlí - 3. sept. 1908-1909

## Aðfnr. 229, 5. hluti

Bréf 24. apríl 1909 – 2. júlí 1909

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. april 1909

Þegar sjera Jóhannes Lynge Jóhannesson á Kvennabrekku fyrir nokkrum árum fjekk skilnað frá konu sinni Steinunni Jakobsdóttur var svo áskilið i skilmálunum þeirra á milli, að hann skyldi greiða henni 200 krónur árlega til framfæris. Í byrjun október 1908 var Steinunn stödd hjer og þar sem hún var veik og hafði ekkert sjer til framfæris varð fátækrasjóður að koma henni til lækninga á Kleppi og að greiða fyrir veru hennar þar alls 143 kr.-Þetta er sjera Jóhannesi Lynge kunnugt um, en hann hefur þó ekki endurgoldið skuld þessa. Eru það því tilmæli min, að þjer, herra sýslumaður, vilduð innheimta upphæð þessa hjá honum hið allra fyrsta og ef á þarf að halda beita til þess hinum lögleyfðu þvingunarmeðulum.

Ennfremur er þess krafizt að Jóhannes prestur greiði einnig hið lofaða meðlag að öðru leyti frá 1. okt. f.á. að telja, og óska jeg einnig að það verði greitt til min sem formanns fátækranefndarinnar, en jeg mun ráðstafa því til hennar sjálfrar eða ættingja hennar hjer, sem framfæra hana sem stendur, án þess að krefjast enn sem komið er endurgjalds af fátækrasjóði.-

Til Sýslumannsins i Dalasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. april 1909

567

Jeg sendi yður, herra barnakennari, hjer með 50 aðgöngumiða að Laðhúsi Reykjavikur til afnota fyrir börn á skólaskyldum aldri, sem í barnaskóla yðar eru.-

Herra barnakennari Ásgrimur Magnússon , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. apríl 1909

568

Samkvæmt brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 8. febr. þ.á. hefur fátækranefnd Reykjavíkur tekið á ný til athugunar sveitfestismál Egils Guðnasonar á Húsavík, og getur nefndin heldur ekki nú viðurkennt að hann sje sveitlægur hjer í bænum. Vísast um það efni til brjefs fátækranefndarinnar dags. 27. sept. f.á., þar sem það er tekið fram, að Egill eptir því sem fyrirliggur hafi dvalið löglegri sveitfestisdvöl í samfleytt 10 ár í Húsavíkurhreppi, og hafi hann því unnið sjer sveit þar, en 33 gr. fátækralaganna virðist ekki geta átt hjer við.

Fátækranefndin skýtur því máli þessu undir úrskurð yðar, herra bæjarfógeti, .-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. april 1909

569

Með heiðruðu brjefi dags. 6.þ.m. hafið þjer,herra . sýslumaður, sent mjer 45 kr.,sem er barnsfúlga frá Sigurði Jónssyni,þurfamanni Auðkúluhrepps,með óskilgetnum syni hans Þorsteini Baldvini Sigurði,en fúlga þessi fjell verið í gjalddaga 1. ágúst f.á. og hafði greitt til bráðabyrgða úr fátækrasjóði Reykjavikur.-

Fyrir greiðslu þessara 45 kr. kvittast hjer með.

Til Sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. april 1909

570

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 45 kr., sem er endurgjald frá Sigurði Jónssyni á Hánefsstöðum, eða framfærsluhreppi hans Auðkúluhreppi í Ísafjarðarsýslu á meðlagi með syni hans og Sigríði Höllu Pálsdóttur, Þorsteini Baldvin Sigurði, en meðlag þetta fjell í gjalddaga 1. ágúst 1908 og var ávísað til greiðslu úr bæjarsjóði 4. sept. f.á.-

Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. april 1909

571

Með heiðruðu brjefi dags. 22. þ.m. hafið þjer skýrt byggingarnefndinni frá því, að þjer óskið að girða lóð yðar við Hverfisgötu 26, en þar sem ágreiningur sje um mörkin milli lóðar yðar og nágranna yðar, farið þjer þess á leit, að lóð yðar verði mæld.-

Í tilefni af þessu er yður hjer með tjáð, að þar sem hjer er um þrætu að ræða, sem heyrir undir dómstólana og er einkamál sjer byggingarnefndin sjer ekki fært að hafa nein afskipti af þessu, heldur ber yður sjálfum að annast eða láta annast um uppmælingu lóðarinnar.-

Herra skósmiður Björn Jónsson , Hverfisgötu 26.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

572

Með heiðruðu brjefi dags. 1.febr. þ.á. hafið þjer, hr.hreppsnefndaroddviti,sent mjer í ávisun á H.P.Duus-verzlun i Reykjavik 90 kr. til endurgjalds á fátækrastyrk, er Jóni Steingrimssyni var veittur hjer í bænum árið 1908.Fyrir greiðslu þessari kvittast hjer með.-

Brjef fátækranefndar Reykjavikur dags. 31.des. f.á.,er fylgði nefndu brjefi yðar,endursendist hjer með.

Til hreppsnefndar Miðneshrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

573

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. apríl 1909

375

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 90 kr., sem er endurgjald frá Miðneshreppi í Gullbringusýslu á styrk þeim, er Jóni Steingrímssyni var veittur úr fátækrasjóði bæjarins árið 1908.-

Fyrir þessum 90 kr. óskast kvittun.-

Til bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

574

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með til afgreiðslu brjef Carl Bendixen nokkurs i Nykjöbing Sj., viðvikjandi leyfi til að reka Biografteater.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

575

Eins og meðfylgjandi aðsjónargjörð sýnir varð fátækranefndin fyrir nokkrum dögum að veita heimili Guðmundar Magnússonar, Lindargötu 5, styrk úr fátækrasjóði, þar sem heimilið var bjargarlaust og konan veik með 4 börn. Guðmundur þessi er talinn sveitlægur i Grindavikurhreppi og er þar nú til sjóróðra sem vertiðarmaður, og hefur þvi æfiferilskýrsla hans ekki orðið tekin hjer. Þetta bið jeg yður, herra sýslumaður, að tilkynna hreppsnefnd Grindavikurhrepps og jafnframt láta taka æfiferilskýrslu Guðmundar áður en hann fer burt úr ~~út~~ Grindavik að lokinni vertið, sem og að útvega viðurkenningu hreppsnefndar Grindavikurhrepps fyrir sveitfesti Guðmundar.-

Styrkur sá, sem heimili Guðmundar hefur verið veittur er að upphæð 25 kr., og er jafnframt krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum styrksins af sveitarsjóði Grindavikurhrepps.

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

576

Þ. 10. þ.m. varð að veita stúlkunni Friðsemd Jónsdóttur styrk úr sveitarsjóði hjer að upphæð 15 kr. Stúlka þessi er sveitlæg i Sandvikurhreppi og eptir skýrslu hennar er barn hennar þar á sveitarframfæri. Bið jeg yður þvi, herra sýslumaður að innheimta 2/3 hluta af styrk þessum hjá Sandvikurhreppi, og vænti jeg að hreppsnefnd Sandvikurhrepps ráðstafi henni. En stúlka þessi er sögð vanfær og er það orsökin til þess að hún nú hefur orðið að leita sveitarstyrks og þarf þvi væntanlega að veita henni meiri styrk framvegis. Þess skal getið að jeg ætlaði að láta flytja hana þurfamannaflutningi á sveit sina, en þar sem svo er ástatt fyrir henni, sem sagt var, neitaði bæjarfógetinn að beita þvingun til að fá hana flutta sem og vegna þess að Friðsemd hefur verið dæmd til fangelsishegningar, sem hún ennþá ekki hefur afplánað og verður ekki látin afplána fyr en hún er orðin ljettari.-

Aðsjónargjörð sú, er fór fram áður en styrkurinn var veittur sem og æfiferilskýrsla Friðsemdar fylgir hjer með.

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

577

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að greiða stúlkunni Eyjólfinu Eyjólfsdóttur meðlag það, er Guðlaugi Gislasyni bar samkvæmt úrskurði 19. marz 1907 að greiða 2. jan. þ.á. með Einari óskilgetnum syni hans og Eyjólfinu. Úrskurð þennan sendi jeg yður, herra sýslumaður, hjer með og bið yður að innheimta meðlag þetta, 40 kr., hjá framfærslusveit Guðalugs, sem er Eyrarbakkahreppur.-

Úrskurðurinn óskast endursendur ásamt fúlgunni.-

Til Sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

578

Fátækrasjóður Reykjavikur hefur orðið að leggja út meðlag það, að upphæð 50 kr., er Ólafi Vigfússyni frá Elliðakoti, sem nú er á Akureyri bar að greiða 12. des. 1908 með Pálma, óskilgetnum syni hans og Auðbjargar Guðnadóttur. Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með úrskurð þann, er skyldar nefndan Ólaf Vigfússon að greiða barnsmeðlag þetta og bið yður að innheimta það hjá honum hið fyrsta og senda mjer það. Úrskurðurinn óskast og þá um leið endursendur.-

Til Bæjarfógetans á Akureyri.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. april 1909

579

Jóhann Jónsson, er áður var póstur og bjó á Bakka i Geiradal hefur með brjefi i dag sagt til sveitar unglingsstúlku að nafni Guðrúnu Jóhannesdóttur, sem er fædd 23. mai 1889 að Gautsdal i Geiradalshreppi, en stúlka þessi liggur nú veik á St. Jósefs Hospitali i Landakoti. Jóhann hefur áður skrifað beint til hreppsnefndar Geiradalshrepps um að fá meðlag með stúlku þessari, og hefur hreppsnefndin þar viðurkennt að hún sje sveitlæg i Geiradalshreppi, og með brjefi dags. 13. þ.m. sem hjer með fylgir, sent Jóhanni 40 kr. upp i meðgjöf með stúlkunni, en að öðru leyti hefur hreppsnefndin ekki ráðstafað stúlku þessari, eins og henni þó bar.

Eru það þvi tilmæli mín, að yður, herra sýslumaður, vilði þóknast að útvega sem fyrst viðurkenningu frá hreppsnefnd Geiradalshrepps fyrir sveitfesti stúlku þessarar og jafnframt ábyrgð nefndarinnar fyrir legukostnaði hennar á Landakotsspitalanum, eins og jeg lika vænti ráðstöfunar nefndarinnar á sjúklingnum framvegis.-

Til Sýslumannsins i Barðastrandarsýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
26. april 1909

580

Fátækranefndin hefur 2. þ.m. orðið að greiða legukostnað konu Magnúsar Simonarsonar á Veghúsum hjer i bænum á Landkotsspitala, samkvæmt ábyrgð, er nefndin varð að takast á hendur, að upphæð kr. 80,50. Æfiferilskýrsla Magnúsar þessa sendist hjer með og samkvæmt henni er hann sveitlægur i Villingaholtshreppi i Árnessýslu. Þar sem nú Magnús sjálfur hefur ekki getað greitt legukostnað þennan, eruð þjer, herra sýslumaður, beðinn um að innheimta 2/3 hluta hans hjá Villingaholtshreppi og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Reikningur yfir legukostnaðinn fylgir hjer með.

Til Sýslumannsins i Árnessýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

615

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
26. april 1909

581

Með því að fátækranefndin hefur orðið að greiða legukostnað yðar á St. Jósefs Hospitali, kr. 80,50, er hún hafði tekið ábyrgð á, er hjer með skorað á yður að endurgreiða upphæð þessa hið fyrsta, eða að koma hingað á skrifstofuna til að semja um greiðslu á henni.-

Herra húsmaður Magnús Simonarson , Veghúsum, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
29. apríl '09

582

Þann 28. þ.m. átti kjörskránefndin fund með sjer einn og yður hafði verið tilkynnt, og úrskurðaði hún kæru yðar yfir alþingiskjörskránni, að þjer ekki gætuð orðið teknir á skrána sökum þess að þjer ekki greiddið neitt útsvar til bæjarins þetta ár

Herra
Eyjólfur Björnsson. Skólavörðustíg 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. apríl 1909

583

Eins og yður hafði verið tilkynnt, átti kjörskrárnefndin fund með sjer 28. þ.m. til að úrskurða framkomnar kærur. Úrskurður nefndarinnar á kæru yðar fjell þannig, að yður var synjað um upptöku á skrána af þeirri ástæðu, að þjer greiðið ekki neitt útsvar til bæjarins þetta ár. –

Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
Jón Hermannsson, Brekku
Brekkustíg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. april '09

584

Einsog yður hafði verið tilkynnt átti kjörskrárnefndin fund með sjer 28. þ. m. og var yður synjað um upptöku á skrána af þeirri ástæðu, að þjer ekki greiddið neitt útsvar til bæjarins þetta ár.
Þetta tilkynnist yður hjermeð. –

Herra
Grímur Hieronýmusson, Laugav. 70

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3. maí 1909

Jeg sendi yður, herra gjaldkeri, hjer með kr. 52,50, sem er endurgjald á legukostnaði stúlkunnar Guðlaugar Helgadóttur, Óðinsgötu 7. Hefur kostnaður þessi verið endurgoldinn mjer af föður stúlkunnar.-

Kvittun óskast.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. mai 1909

586

Í framhaldi af brjefum mínum dags. 16. marz og 23. f.m. tilkynnist hjer með, að legukostnaður stúlkunnar Guðlögar, sá, er nefnd brjef mín ræða um, hefur að fullu verið endurgoldinn fátækrasjóði hjer af stúlkunni sjálfri eða ættingjum hennar.-

Til hreppsnefndarinnar i Kjalarneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3. mai 1909

588

Samkvæmt viðtali i talsimanum leyfi jeg mjer virðingarfyllst að endursenda hjer með æfiferilskýrslu Einars Jónssonar, Grettisgötu 54, til þess að hún verði endurbætt þannig, að undir tölulið 8 i skýrslunni verði gjörð grein fyrir á hvaða bæjum og i hverjum hreppum Einar hafi davlið frá því hann var 16 ára gamall og til þessa tíma. Jeg vænti svo að fá skýrsluna endursenda þannig endurbætta hið allra fyrsta.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

6. mai 1909

589

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að greiða barnsfúlgu þá að upphæð 25 kr., er Árna Helgasyni frá Fljótstungu i Hvitársiðuhreppi bar að greiða 5. þ.m. með Guðrúnu óskilgetinni dóttur hans og Halldóru Guðmundsdóttur, en Halldóra þessi og barnið eru á framfæri hjer i bænum. Meðlag þetta af hálfu Árna Helgasonar hefur verið greitt samkvæmt úrskurði bæjarfógeta Reykjavikur útgefnum 24. okt. 1908, er jeg sendi yður hjer með. Bið jeg yður að innheimta fúlgu þessa hjá framfærsluhreppi Árna Helgasonar, Hvitársiðuhreppi og senda mjer hana við fyrsta tækifæri. Úrskurðurinn óskast þá um leið endursendur.-

Til Sýslumannsins i Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
6. mai 1909

590

Fátækranefndin hefur orðið að greiða legukostnað yðar á St. Jósefs Hospitali á þessu ári, að upphæð 35 kr. ~~59 kr. 56 a~~.- Er því hjer með skorað á yður að endurgreiða kostnað þennan hið fyrsta eða koma sem allra fyrsta hingað á skrifstofuna til þess að semja við mig um greiðsluna á honum.-

Herra Bergþór Vigfússon , Laugaveg 29.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
6. maí 1909

591

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að lóð sú, sem frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir á að greiða gjald af er : Byggð lóð 196 ferálnir : Kr. 5,88, og óbyggð lóð 436 ferálnir og gjald af því er Kr. 1,09, og er því lóðargjald hennar samtals kr. 6,97.-Þetta eruð þjer beðinn að taka upp á lóðargjaldaskrána, og leiðrjetta hana að þessu leyti.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

6. mai 1909

592

Þegar þjer, herra óðalsbóndi, voruð á ferð hjer i vetur talaðist svo til milli okkar, að þjer skiptuð hesti þeim, sem i vetur hefur verið i fóðri hjá hjá yður fyrir annan, ef þjer gætuð útvegað annan með þeim eiginlegleikum, sem jeg hefði helzt óskað eptir. Ef þjer hafið getað fengið slikan hest i skiptum þ.e. sterkan, góðan og vel viljugan klárhest vildi jeg, að hann yrði sendur mjer við fyrsta tækifæri, þvi Hansen verkfræðingur þarf úr þessu að hafa hest, til þess að hafa eptirlit með vatnsveitubyggingunni ofan Elliðaáa. Ef þjer ekki hafið getað útvegað hestinn bið jeg yður að láta mig vita það hið fyrsta, til þess að jeg hjer geti útvegað annan hest, ef sá ekki dugar, sem nú er i fóðrum hjá yður.-

Herra óðalsbóndi Eggert Benediktsson, Laugardælum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
6. maí 1909

593

Samstundis meðtekið brjef yðar með fylgiskjölum viðvíkjandi kæru yðar yfir útsvari því, er yður hefur verið gjört að greiða þetta ár, endursendist hjer með, þar sem kæra sú, er þjer áður höfðuð sent var send til niðurjöfnunarnefndarinnar og verður úrskurðuð af henni, eins og vera ber lögum samkvæmt. En ef þjer ekki verðið ánægðar með úrskurð niðurjöfnunarnefndar getið þjer áfrýjað honum til bæjarstjórnarinnar.

Til Guðrúnar Jónsdóttur, Laugaveg 27.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

594

Bygginganefndin hefur á fundi 1. þ. m. samþykkt svohljóðandi ályktun:
„Jóhannes Lárusson sækir um undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþ. um bil milli húsa og eldvarnarveggi, að því er kemur til húseignanna Hverfisg. 18 A, B og C., sbr fundargerð 27. marz síðastl., 9. atr. Húsið 18 c. stendur 3 álnir frá mörkum og ber hann fyrir sig, að hann fái ekki með neinu móti kaup á lóðarræmu til viðbótar hjá eigendum húseignanna 18 a og 18 b. Áður en bygginganefndin tekur ákvörðun um þetta mál, óskar hún skriflegrar yfirlýsingar hlutaðeigandi lóðareigenda um að þeim sje lóðin ekki útföl og að öðru leyti er byggingarfulltrúa falið, að rannsaka mál þetta fyrir næsta fund“. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra trjesmiður, hjermeð.

Herra
trjesmiður Jóhannes Lárusson, Hjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909.

595

Hjer með tilkynnist yður, að byggingarnefndin hefur leyft yður fyrir hönd hlutafjelagsins "Völundur" að gjöra þær breytingar á húsi við Laugaveg 17, sem er eign "Völundar", er þjer fórud fram á á fundi byggingarnefndarinnar 24. f. m., þó þannig að hliðargluggar 3. gólfs sjeu uppi á þaki. –

Herra
trjesmíðameistari Hjörtur Hjartarson. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

596

Hjer með tilkynnist yður, velæruverðugi herra prestur, að byggingarnefndin hefur á fundi 24. f. m. leyft yður að hækka hliðveggi skólans í Landakoti, sem þar er verið að byggja, um 1 al. 20"; húsið að öðru óbreytt. –

Velæruverðugi
herra prestur Meulenberg
Landakoti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

597

Bygginganefndin samþykkti á fundi 1. þ. m. að kaupa af yður 80 ferálna lóðarræmu við Vesturg. 48. fyrir 40 aura hverja feralin eða samtals 32 kr.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, eruð þjer beðinn um að veita nefndum 32 kr. móttöku hjá gjaldkera bæjarins.

Herra
skipstjóri Edilon Grímsson,
Vesturg. 48

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

598

Hjermeð tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin samþykkti á síðasta fundi, að kaupa af Edilon skipstjóra Grímssyni lóðarræmu við Vesturg. 48, á 40 aura hverja feralin. Stærð lóðarinnar er 80 ferálnir og eru það því alls 32 kr., sem jeg bið yður að greiða Edilon þegar hann vitjar þeirra. –
Upphæðin telzt meðal óvissra útgjalda.

Herra
bæjargjaldkeri Borgþór Jósefsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

599

Á fundi byggingarnefndarinnar 1. maí var yður veitt leyfi til að gera smiðju 6° x 4° innan girðingar á Holtastaðalóðinni við Bergstaðastræti.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjermeð.–

Herra
Einar Magnússon, Holtastöðum
við Bergst. stræti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí '09.

600

Hjermeð tilkynnist yður, herra skó-smiður, að byggingarnefndin hefur synjað yður um leyfi til að reisa 12° x 12° einlopta íbúðarhús á lóð yðar við Hverfisgötu, með því að of skammt verður milli húsanna samkv. byggingarsamþ. 14. gr.

Herra
skósmiður Björn Jónsson
Hverfisg. 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 634
7. maí 09

601

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti hjermeð brunabótavirðingar þær, sem bæjarstjórnin samþykkti á fundi í gær. –

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur 
7. maí 1909

602

Á fundi í gær samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

1. Bjarna Grímssonar á Grímstaðaholti kr. 2231.00
2. Páls Guðmundssonar, Njálsg. 14 " 4621.00
3. Ólafs Theódórssonar, Grundarstíg " 4183.00
4. Bjarna Þórðarsonar, Bergstaðastr. 2 " 5417.00

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. maí 1909

602

Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra fyrv. ráðherra, að byggingarnefndin hefur á fundi 1. þ. m. leyft yður að byggja íbúðarhús 16° x 19° tvílopta úr timbri á lóð austan Tjarnargötu sunnan lóðar þeirrar, er þeim megin götunnar fylgir ráðherrabúðinni, samkv. teikningu þeirri, er fylgdi beiðni yðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. maí '09

603

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 349 kr. til greiðslu á þeim hluta legukostnaðar Árna Jóhannessonar á árinu 1908 sem landssjóði bar að greiða samkv. 77. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905.
Vænti jeg kvittunar við fyrsta tækifæri.-

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
8. maí '09

604

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjargjaldkeri, 129 kr. sem landsjóði bar að greiða af legukostnaði Ólafs Þórðarsonar á árinu 1907, samkv. 77. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905. –

Fyrir þessum 129 kr. óskast kvittun við tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. maí 1909

605

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð 166 krónur af legukostnaði Ólafs Þórðarsonar á árinu 1908, sem landsjóði samkv. 47. gr. fátækralaga 10. nóv. 1905 bar að greiða.
Kvittun óska jeg að fá fyrir þessum 166 kr. –

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. mai 1909

606

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 48,65, sem er endurgjald á 2/3 hlutum af fátækrastyrk þeim, er Þórunni Ingimundardóttur sveitarómaga Rosmhvalaneshrepps hins forna hefur verið veittur til 31. des. f.á. Er upphæð þessi endurgjald frá framfærsluhreppi hennar.

Fyrir upphæð þessari óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. mai 1909

607

Heiðrað brjef yðar, herra sýslumaður, dags. 29. marz þ.á. viðvikjandi sveitfesti konunnar Þórunnar Gisladóttur á Skúmstöðum á Eyrarbakka, hef jeg lagt fyrir fátækranefndina ásamt skjölum þeim, er því fylgðu, og hefur nefndin viðurkennt, að nefnd kona sje sveitlæg i Reykjavik. Styrkur sá, er henni verður veittur af sveitarfje eystra mun tafarlaust verða endurgoldinn eins og lög standa til, og þar sem vænta má, að ættingjar konunnar muni að einhverju leyti styrkja hana til framfæris, óskast, að konunni verði komið fyrir eystra fyrst um sinn, en hún ekki flutt þurfamannaflutningi hingað.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. mai 1909

608

Með því að stúlkan Sigríður Bjarnadóttir Vesturgötu 10 hefur orðið að þiggja sveitarstyrk, eruð þjer, herra bæjarfógeti, beðinn um að láta taka æfiferilskýrslu hennar hið fyrsta.-

Vegna þess að mótmæli hafa komið fram frá hreppsnefndum gegn æfiferilskýrslum, sem ekki hafa verið teknar í rjetti eða af fulltrúum bæjarfógeta með vottum, óskast þess, að hjer eptir verði slíkar skýrslur teknar í rjetti eða af fulltrúa herra bæjarfógetans með tveimur vottum.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. mai 1909

609

Í siðastliðnum janúarmánuði tókst fátækranefndin á hendur ábyrgð fyrir yður hjá J.P.T.Bryde fyrir 40 kr., er áttu að endurgjaldast á þessu vori.J.P.T.Bryde hefur nú krafið fátækranefndina um upphæð þessa,og vænti jeg því,að þjer sjálfur greiðið skuld þessa,svo að ekki komi til að þurfi að greiða hana af fátækrasjóði.-

Herra húsmaður Björn Stefánsson,Laugaveg 52.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. maí 1909

610

Hjer í bænum er stúlka að nafni Halldóra Ólafsdóttir, Njálsgötu 56, sem orðið hefur að þiggja sveitarstyrk. Halldóra þessi bjó fyrir nokkrum árum með Pjetri nokkrum Pjeturssyni úr Fljótsdalshjeraði og eignaðist með honum son, er Jón heitir. Drengur þessi er fæddur 16. nóv. 1903 á Akureyri, þar sem Halldóra og Pjetur bjuggu þá. Pjetur yfirgaf þessa bústýru sína fyrir nokkrum árum og hefur hin síðustu árin ekkert gefið með drengnum. Að sögn hefur hann farið til útlanda, en mun nú vera kominn heim aptur og er að líkindum á Seyðisfirði. Eru það tilmæli mín, að yður, herra sýslumaður vildi þóknast að spyrja uppi hvar Pjetur þessi sje sveitlægur og gefa síðan út úrskurð á hendur honum, er skyldi hann til að greiða hæfilegt meðlag með barninu. Eptir því sem Halldóra hefur skýrt frá átti Pjetur seinast þegar hún vissi til heimili á Hóli í Hjaltastaðaþinghá.-

Þess skal getið, að jeg skrifa nú samstundis sóknarprestinum á Akureyri og bið hann að senda yður skírnarvottorð drengsins.-

Til Sýslumannsins í Norður- Múlasýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8. mai 1909

611

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja yður, háæruverði herra prófastur, að senda sýslumanninum í Norður-Múlasýslu við fyrsta tækifæri aldursvottorð drengs að nafni Jón Pjetursson, sem að líkindum er fæddur á Akureyri 16. nóv. 1903 og er sonur Pjeturs nokkurs Pjeturssonar úr Norður-Múlasýslu og þáverandi bústýru hans Halldóru Ólafsdóttur. Um vottorð þetta er beðið til afnota fyrir sýslumanninn, er hann væntanlega kveður upp meðlagsúrskurð á hendur nefndum Pjetri Pjeturssyni.-

Til Sóknarprestsins í Akureyrarprestakalli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. maí '09

612

Hjer með tilkynnist yður að, varsla bæjarlandsins utan girðinga hefur á þessu sumri verið falin sama manni, sem hefur haft hana undanfarin ár, og hefur því tilboði yðar um að takast starfa þennan á hendur ekki verið tekið að þessu sinni.

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1?. mai 1909

613

Eins og meðfylgjandi samningseptirrit bera með sjer hefur herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson tekið á sig tveggja ára ábyrgð á verki því,er hann vann fyrir bæjarstjórn Reykjavikur samkvæmt samningum 10. jan. og 6. sept. 1906 og skuldbundið sig til þess að gjöra við á sinn kostnað þær skemmdir á mannvirkjum sem þessum verða tvö árin næstu eptir að þau voru afhent.Þessi tveggja ára frestur er liðinn í lok næsta mánaðar,og eru það því tilmæli mín,að yður,herra bæjarfógeti, vildi þóknast að skipa í rjetti tvo hæfa menn og óvilhalla,til þess að segja álit sitt um hvort nokkrar skemmdir og þá hverjar hafi orðið á mannvirkjum þessum og jafnframt meta hve mikið muni kosta að gjöra við skemmdirnar svo að mannvirkin verði jafngóð og þau voru við afhendingu.-

Jeg vænti svo tilkynningar um hverjir menn verði dómkvaddir til þessa,og þegar matsgjörðin fer fram óskast að herra bankastjóri Tryggvi Gunnarsson verði aðvaraður um það,svo að hann geti gætt rjettar síns við matsgjörðina. Sömuleiðis óska jeg sem formaður hafnarnefndarinnar að fá vitneskju um,hvenær gjörðin fer fram.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

614.

Hjer með tilkynnist yður, herra heilbrigðisfulltrúi, að á fundi veganefndarinnar fyrir skömmu var herra landritara Klemens Jónssyni falið að sjerstakt eptirlit með hreinsun renna og gatna, og ber yður því sjerstaklega að snúa yður til hanns, ef yður þykir eitthvað vera ábótavant í því efni eða ef þjer óskið eitthvað gjört og nokkur fyrirstaða verður á því, að sá, er hreinsunina hefur hendi hlýði fyrirskipunum yðar.-

Til heilbrigðisfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

10. mai 1909

615

Í tilefni af heiðruðu brjefi yðar dags. 30. jan. þ.á. er yður hjer með tjáð,að þjer þurfið ekki samþykki bæjarstjórnarinnar til þess að setjast að hjer i bænum. Yður er frjálst án sjerstaks samþykkis að setjast hjer að.Að eins ber yður að tilkynna lögreglustjóranum þegar þjer flytjið hingað og hverjir flytji ásamt yður sem og aldur þeirra.-

Herra stýrimaður Daniel Jónsson , Hafnarfirði.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

10. mai 1909

616

I besiddelse af deres ærede brev af 18.Febr. undlader jeg ikke at meddele dem,at der ikke forelöbig er nogen udsigt til,at der bliver bygget et elektricitetsværk her i byen.Hvis sagen i midlertid bliver fört i gjennfrem em i den nærmeste tid vil jeg have deres brev i erindring.-

Herr Ingenieur Bjarne Nilssen , Drammen, Norge.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

617

Þann 25. f.m. varð fátækranefndin hjer að taka að sjer á ábyrgð legukostnaði konu og barns Einars nokkurs Jónssonar, húsmanns í Grettisgötu Nr. 54, er voru flutt á St. Jósefs Hospital í Landakóti, bæði veik í taugaveiki. Jeg sendi hjer með æfiferilskýrslu nefnds Einars Jónssonar og samkvæmt henni er hann sveitlægur í Vestur- Landeyjahreppi. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega viðurkenningu hreppsnefndarinnar í nefndum hreppi fyrir sveitfesti Einars. Þurfi fátækranefndin hjer að greiða legukostnaðinn samkvæmt ábyrgðinni verður endurgjalds krafizt hjá framfærslusveitinni lögum samkvæmt.-

Jafnframt skal þess getið, að nefndur Einar hefur sjálfur legið á sjúkrahúsinu í taugaveiki og er kominn þaðan fyrir stuttu, en hann þurfti ekki að fá hjálp fátækranefndarinnar til að fá þann legukostnað greiddan.-

Til Sýslumannsins í Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

618

Fátækranefndin hefur á fundi 29. f.m. samþykkt styrkveitingu að upphæð 25 kr. til handa stúlkunni Sigríði Bjarnadóttur i Vesturgötu 10 til framfæris barni hennar, að undangenginni aðsjónargjörð. Stúlka þessi er að likindum sveitlæg i Seltjarnarneshreppi, en vissu fyrir þessu hef jeg þó ekki fengið ennþá, þar sem jeg hef ekki fengið ennþá frá bæjarfógetanum skýrsluna um æfiferil hennar. Æfiferilskýrslan verður send bráðlega og þá um leið aðsjónargjörðin. Reynist það, að stúlkan sje sveitlæg i Seltjarnarneshreppi verður endurgjalds krafizt á 2/3 hlutum styrksins.-

Til hreppsnefndarinnar i Seltjarnarneshreppi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
10. mai 1909

619

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur komið Eyjólfi Bjarnasyni, er áður var hjá Jóni Felixsyni, fyrir hjá Jóni Tómassyni á Grimsstöðum, fyrir 20 króna meðlag á mánuði frá 1. þ.m. að telja og ber því að greiða Jóni meðlagið frá þeim tima.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

620

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur samþykkt að greiða Jóni Felixsyni 6 króna uppbót á meðlagi með Eyjólfi Bjarnasyni, og ber yður að greiða Jóni upphæð þessa.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
10. mai 1909

621

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að ómaginn Guðrún Ófeigsdóttir fór 1. þ.m. frá Stefáni Jónssyni til Helga Jónssonar, Litla-Skipholti. -

Til
Bæjargjaldkerans. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
10. maí 1909

622

Hjer með sendi jeg yður,herra bæjargjaldkeri, 40 kr. sem er endurgjald frá Bæjarhreppi i Strandasýslu á 2/3 hlutum af fátækrastryk þeim,er Jóni Magnússyni,Laugaveg 46 A,hefur verið veittur á þessu ári.-

Fyrir þessum 40 kr. óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

623

Eins og meðfylgjandi reikningur sýnir hefur fátækranefnd Reykjavikur orðið að greiða legukostnað Bergþórs Vigfússonar, Laugaveg 29 samkvæmt ábyrgð þeirri, er fátækranefndin varð að takast á hendur, er hann var lagður á sjúkrahúsið. Er legukostnaður þessi að upphæð 35 kr.- Æfiferilskýrsla Bergþórs hefur verið tekin að tilhlutun bæjarfógetans og sendi jeg hana hjer með. Ber hún með sjer, að Bergþór þessi er sveitlægur i Sandvikurhreppi, og eru það þvi tilmæli min, að yður, herra sýslumaður, vildi þóknast að innheimta hjá tjeðum hreppi 2/3 hluti af þessum 35 kr. og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

624

Hjer með leyfi jeg mjer að biðja yður, herra bæjarfógeti, að láta taka sem fyrst æfiferilskýrslu stúlkunnar Guðrúnar Árnadóttur, Hverfisgötu 18 B., sem hefur orðið að þiggja sveitarstyrk hjer og álizt að vera sveitlæg utan Reykjavikur.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

625

Með brjefi dags. 26. marz tilkynnti jeg hreppsnefndinni að Ásbjörn Sigurðsson á Laugaveg 35 hefði verið lagður á sjúkrahús St.Jósefssystra i Landakoti veikur af taugaveiki og hreppsnefndin mun hafa fengið tilkynnt af einum fátækrafulltrúanum hjer,að hann andaðist skömmu siðar og ennfremur að kona hans og tvö börn lögðust i taugaveiki og hefur fátækranefndin hjer orðið að ráða hjúkrunarkonur á heimilið,sem hefur verið einangrað.Heimilinu hefur orðið að leggja allt til framfæris þvi úr fátækrasjóði.Er upphæð sú,sem til þessa hefur orðið að leggja heimilinu samtals kr. 177,50.Jafnframt þvi að tilkynna þetta sendi jeg hjer með aðsjónargjörð þá,er fram fór áður en styrkur var fyrst veittur þessu heimili,og óska jeg að fá sem fyrst viðurkenningu hreppsnefndarinnar fyrir þviað Ásbjörn hafi verið sveitlægur i Akraneshreppi,en æfiferilskýrsla hans varð aldrei tekin vegna veikindanna.Ennfremur er þess óskað,að hreppsnefndin ráðstafi sem allra fyrst heimilinu og losi þannig fátækranefndina frá að þurfa að leggja meira út fyrir heimilið.

Einnig væntast 2/3 hlutar af áðurgreindum styrk endurgoldnir hið fyrsta.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. mai 1909

626

Samkvæmt amtsúrskurði 13. ágúst 1902 ber Magnúsi P.Jónssyni frá Nesi i Norðfirði að greiða 40 kr. árlega með Jósefinu Katrinu,óskilgetinni dóttur hans og Kristinar Einarsdóttur.Fátækrasjóður Reykjavikur hefur nú orðið að greiða til bráðabyrgða fúlguna samkvæmt úrskurði þessum fyrir árið frá 11. júni 1907 til jafnlengðar 1908,og eru það því tilmæli min,að yður,herra sýslumaður, vildi þóknast að innheimta upphæð þessa,40 kr.,hjá framfærslusveit Magnúsar,sem mun ver Norðfjarðarhreppur.--

Úrskurðurinn óskast svo endursendur,þegar innheimtunni er lokið.-

Það vottast að barnið Jósefina Katrin sje lifandi.

Til Sýslumannsins i Suður- Múlasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. maí 1909

627

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, mælingu bæjarverkfræðingsins á lóð Guðríðar Hjaltested við Suðurgötu og skýrslu um eigendaskipti að lóð Jóns Reykdals við Hverfisgötu, og bið yður að leiðrjetta lóðargjaldaskrána samkv. skýrslum þessum.

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
11. maí 1909

628

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 20 kr. - tuttugu krónur -, sem er endurgjald á 2/3 hlutum sveitarstyrks, veittum Ólafi Sigurðssyni þann 6. nóv. f. á., er jeg í dag hef meðtekið frá hreppsnefnd Andakílshrepps.
Fyrir þessum 20 kr. óska jeg að fá kvittun við tækifæri. -

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. maí 1909

629

Með heiðruðu brjefi dags. 23. f. m. hafið þjer, herra hreppsnefndaroddviti, sent mjer 20 kr. – tuttugu krónur til endurgjalds 2/3 hlutum fátækrastyrks veittum Olafi Sigmundssyni, thm. í Rvík þann 6. nóv. '08.
Fyrir þessum 20 – tuttugu krónum – kvittast hjermeð. –

Til
hreppsnefndar Andakílshrepps
Alptanesi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. maí '09

630

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með, 143 - eitt hundrað fjörutíu og þrjár krónur -, sem er endurgjald frá síra Jóhannesi J. Lynge á Kvennabrekku á styrk þeim, er fráskilinni konu hans Steinunni Jakobsdóttur var veittur úr fátækrasjóði 3. okt. '08 fyrir veru hennar á Kleppi. -

Kvittunar óskast við tækifæri. -

Til
Bæjargjaldkerans í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12. mai 1909

Stúlka að nafni Guðlög Gunnlaugsdóttir hefur undanfarna mánuði legið á sjúkrahúsi hjer i bænum, veik af tæringu, og nýkomin út af sjúkrahúsinu stóð hún allslaus uppi hjer og snjeri sjer til fátækranefndarinnar og beiddist og fjekk hann veittan 40 króna styrks af fátækrasjóði, til þess að komast til átthaga sinna á Austfjörðum. Beiðni hennar um þetta sendi jeg hjer með, og samkvæmt því, er hún þar hefur skýrt frá er hún sveitlæg i Beruneshreppi. Þar sem hún fer með Hólum i fyrra málið hefur skýrsla um æfiferil hennar ekki orðið tekin hjer fyrir rjetti, og bið jeg yður því, herra sýslumaður, að láta taka hana ef yður þykir þess þurfa. Og ennfremur bið jeg yður að innheimta hjá beruneshreppi styrk þennan, eða hjá þeim hreppi, sem hún á framfærslurjett i, ef æfiferilskýrslan sýnir, að hún sje sveitlæg annarsstaðar.-

Til Sýslumannsins i Suður- Múlasýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. mai 1909

632

Jeg sendi yður, herra gjaldkeri, hjer með 40 kr., sem er endurgjald frá Hvitársiðuhreppi á barns fúlgu, er fátækrasjóður greiddi 22. okt. f.á. með barni Jóns Einarssonar frá Háafelli og Steinunnar Guðmundsdóttur á Grettisgötu 56.-

Fyrir þessum 40 kr. óskast kvittun.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13. maí 1909

633

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 63,33, sem er endurgjald frá Kjósarhreppi á 2/3 hlutum af styrk þeim, er stúlkunni Þjóðbjörgu Benjaminsdóttur hefur verið veittur af fátækrasjóði til 31. des. f.á.- Fyrir greiðslu þessari óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. mai 1909

634

Sjer Jóhannes J.Lynge á Kvennabrekku hefur greitt til min 200 kr.,sem eru hið áskilda meðlag með konu hans Steinunni Jakobsdóttur fyrir frá 1. okt. 1908 til 1. okt. 1909. Af upphæð þessari hafa 143 kr. verið látnar ganga til lúkningar kostnaði við veru Steinunnar á Kleppsspitala 1907 - 1908,en afganginn óska jeg að greiða til yðar,þar sem þjer hafið framfært Steinunni frá því hún kom af sjúkrahúsinu. Þessar 57 kr. getið þjer því látið vitja hingað á skrifstofuna hvenær sem vill.-

Herra trjesmiður Guðmundur Jakobsson , Laugaveg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
14. mai 1909

Bæjarstjórnin hefur keypt húseignina Nr. 26 við Lindargötu fyrir 2000 kr. af Árna Árnasyni og Ólafi Bjarnasyni, og er hjer með lagt fyrir yður að greiða nefndum mönnum úr bæjarsjóði kaupverðið 2000 kr. og færa bæjarsjóði það til útgjalda undir útgjaldalið 16 i áætluninni.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. mai 1909

Hjer með er lagt fyrir yður, herra bæjargjaldkeri, að greiða Ólafi bónda Jónssyni á Geldingaá meðlag með drengnum Ásgeir Möller, óskilgetnum syni Guðjóns Bjarnasonar i Bjarnabæ og Guðrúnar Guðmundsdóttur hjer i bænum, að upphæð 45 kr., en fúlgu þessa bar föðurnum Guðjóni Bjarnasyni að greiða 4. þ.m. samkvæmt amtsúrskurði 11. júli 1902. Fúlguna ber, svo ef hægt er að innheimta hjá barnsföðurnum.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. mai 1909

637

Þann 12. febr. þ.á. tókuð þjer, herra bæjarfógeti, eptir ósk minni próf til þess að fá upplýst hvar danskur maður að nafni Kai Christen Niels Christensen, sem þegið hefur sveitarstyrk hjer, sje sveitlægur. Próf þetta sendi jeg til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, en hún hefur í brjefi dags. 15. f.m. beðið um ýtarlegri upplýsingar viðvíkjandi nefndum manni. Þetta brjef sendi jeg yður hjer með og bið yður að taka framhaldspróf yfir nefndum manni, til þess að fá upplýst það, er bæjarstjórnin óskar eptir. Eptirrit af prófunum óskast sent við fyrsta tækifæri og jafnframt skal þess getið, að Christensen er nú sem stendur hjer í vænum, en fer væntanlega út til fiskiveiða næstu daga, og bið jeg því um, að ekki sje frestað að fá þessa skýrslu hjá honum.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. mai 1909

638

Þ. 12. febr. þ.á. tókuð þjer, herra bæjarfógeti, eptir ósk minni próf til þess að fá upplýst, hvar danskur maður að nafni Knud Jörgen Jensen, sem þegið hefur sveitarstyrk hjer, ætti framfærslusveit. Próf þetta sendi jeg til bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn, en hún hefur með brjefi dags. 16.f.m. æskt að fá ýtarlegri upplýsingar viðvíkjandi manni þessum. Þetta brjef sendi jeg yður hjer með og bið yður að taka framhaldspróf yfir nefndum manni til þess að fá það upplýst, er bæjarstjórnin óskar eptir. Nefndur Knud Jensen er nú sem stendur hjer í bænum en fer væntanlega innan fárra daga aptur á þilskip og er það því ósk mín, að ekki sje frestað að taka skýrslu þessa.

Eptirrit af framhaldsprófinu vænti jeg svo að fá við fyrsta tækifæri.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15. mai 1909

639

Fátækranefnd Reykjavikur hefur orðið að greiða fyrir Guðjón Bjarnason i Bjarnabæ hjer i bænum barnsfúlgu þá,að upphæð 45 kr.,er greiðast átti 4.þ.m. samkvæmt amtsúrskurði 11. júlí 1902.Jeg sendi yður,herra bæjarfógeti, staðfest eptirrit af úrskurði þessum og bið yður að innheimta fúlgu þessa með lögtaki hjá nefndum Guðjóni Bjarnasyni hið allra fyrsta.

Eptirritið af úrskurðinum óskast endursent á sinum tima.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

674

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15. mai 1909

640

Hjer með tilkynnist Lúðurþeytarfjelaginu, að bæjarstjórnin hefur á fundi 6. þ.m. sambykkt að útborga mætti því styrk þann, er fjelaginu var veittur á fundi bæjarstjórnarinnar 21. jan. þ.á. og tilkynnt var með brjefi minu 23. s.m., fyrir yfirstandandi ár, ef fjelagið tæki nú þegar til starfa, að viðbættu því skilyrði, að fjelagið skuldbindi sig til þess, ef bæjarstjórnin óskar þess eða krefst að spila allt næsta árið 1910 fyrir sama styrk úr bæjarsjóði.

Jafnframt því að tilkynna þetta óska jeg að fá sem fyrst tilkynningu um, hvort fjelagið gengur að þessum kjörum.

Til Lúðurþeyrafjelags Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

15. maí 1909

641

~~646~~

Með heiðruðu brjefi dags. 20. f.m. hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer eða fátækrastjórninni til umsagnar brjef hreppsnefndaroddvitans í Andakílshreppi dags. 24. marz þ.á., þar sem hann fer þess á leit, að ekkjan Guðrún Guðmundsdóttir frá Háafelli í Skoradal, sem nú á heima hjer í bænum, verði skylduð til að gefa árlega fúlgu með móður sinni, Oddnýju Jónsdóttur, sem er á sveit í Andakílshreppi, - og hafið þjer beiðst álits fátækrastjórnarinnar um hvort ekkja þessi sje fær um að greiða meðlag með móður sinni og þá hve hátt.-

Til svars þessu leyfi jeg mjer virðingarfyllst fyrir hönd bæjarstjórnarinnar að skýra frá því, að samkvæmt upplýsingum þeim, er jeg hef fengið, þá er það rjett, sem getið er um í nefndu brjefi yðar, að nefnd ekkja hefur fengið fyrir stuttu arf og búshelft, sem eptir skiptunum hefur verið virtur 2400 kr. En af þessu fje á hún nú ekki annað arðberandi en eina jörð í Borgarfjarðarsýslu og gengur allt afgjald af henni til greiðslu á meðlagi, er ekkjan á og hún hefur komið fyrir til framfæris hjá öðrum. Sjálf er ekkjan bústýra hjer í Reykjavík, og eptir því sem mjer er frekast kunnugt hefur hún lítið eða ekkert annað kaup, en fullt framfæri. Að þessu athuguðu virðist nefnd ekkja ekki vera fær um að leggja meira af mörkum árlega til framfæris móður sinni en 20 -30 kr.-

Brjef hreppsnefndaroddvitans í Andakílshreppi endursendist hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

15. maí 1909

642

~~646~~

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með skýrslu niðurjöfnunarnefndarinnar um breytingar þær, sem orðið hafa á niðurjöfnunarskránni samkvæmt úrskurðum nefndarinnar á kærum þeim, er komið hafa fram yfir skránni. Ber yður að leiðrjetta reikninga hlutaðeigandi gjaldenda samkvæmt skýrslunni og tilkynna þeim um breytingarnar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

15. maí 1909

643

~~645~~

Jeg sendi yður hjer með, herra bæjarfógeti, rjettarsætt 14. okt. 1901 og amtsbrjef 30. mai 1902, er skyldar Magnús Dalhoffsson gullsmið til þess að greiða 50 kr. árlega með óskilgetnum syni hans og Guðrúnar Steinsdóttur. Fátækrastjórnin hefur orðið að greiða meðlög þau, er fjellu í gjalddaga samkvæmt nefndu amtsbrjefi 30. júní og 30. des. f.á., og eru það því tilmæli mín, að yður vildi þóknast að innheimta meðlög þessi, sem samtlas eru 50 kr., með lögtaki hið allra fyrsta.-

Ennfremur hefur fátækrasjóðurinn hjer orðið að greiða 5 kr. fyrir nefndan Magnús Dalhoffsson fyrir veru hans á geðveikrahælinu Kleppi á næstliðnu ári, og óskast einnig þessi upphæð innheimt með lögtaki.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15. mai 1909

644

Fátækranefndin hjer tók ábyrgð á legukostnaði stúlkunnar Helgu Sigríðar Hallbjarnardóttur, er lögð var á sjúkrahúsið 10. marz þ.á.-Stúlka þessi er sveitlæg í Kolbeinsstaðahreppi, og hefur nú hreppsnefnd þess hrepps gefið út ábyrgðarskjal fyrir legukostnaði þessum, er jeg sendi hjer með, og óska fá endursent ábyrgðarskjal það, er fátækranefndin hjer hefur afhent spitalastjórninni.-

Til gjaldkera St. Jósefs Hospitals, Landakoti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

679

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

5. mai 1909

645

~~643~~

Samkvæmt meðfylgjandi amtsúrskurði 21. júlí 1902 ber Guðmundi Jónssyni frá Helgastöðum hjer í bænum að greiða 40 kr. árlega með Kristmanni Borgfjörð, óskilgetnum syni hans og stúlkunnar Guðlaugar Sigríðar Björnsdóttur frá Þverfelli í Lundareykjardal, og hefur fátækrasjóðurinn hjer orðið sem dvalarsveit föðursins að greiða meðlög þau, er fjellu í gjalddaga 23. okt. f.á. og 23. april þ.á.- Þessar 40 kr. bið jeg yður, herra bæjarfógeti, að innheimta með lögtaki hjá Guðmundi.

Úrskurðinn óska jeg mjer svo endursendann á sinum tima.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

15. mai 1909

646

~~642~~

Í framhaldi af brjefi minu til yðar, herra sýslumaður, dags. 24. f.m., viðvikjandi á innheimtu hjá sjera Jóhannesi Jlynge á meðlagi með fráskilinni konu hans, Steinunni Jakobsdóttur, leyfi jeg mjer hjer með að skýra frá því, að nefndur prestur hefur nú greitt beint til min meðlagið fyrir árið frá 1. okt. 1907 til jafnlengdar 1908, og er þar með greidd að fullu það, sem fátækrasjóðurinn hjer hafði lagt út fyrir konuna. Þar sem greiðslan á þessu hefur gengið svo greiðlega og jeg hinsvegar geng út frá, að sjera Jóhannes eigi erfitt með að greiða meira á þessu ári, er því fyrst um sinn fráfallið kröfunni um, að nokkrum þvingunarmeðulum verði beitt til innheimtu meðlas þess, er fellur i gjalddaga á þessu ári.-

Til Sýslumannsins i Dalasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

15. mai 1909

647

641

Með heiðruðu brjefi dags. 27. f.m. hafið þjer, velæruverði herra prestur, sent mjer ávisun á Íslandsbanka, að upphæð 200 kr., til lúkningar meðlagi með fráskilinni konu yðar, Steinunni Jakobsdóttur, fyrir árið frá 1. okt. 1907 til jafnlengðar 1908.-

Fyrir þessum 200 kr. kvittast hjer með.-

Velæruverði herra prestur Jhónnes J. Lynge, Kvennabrekku.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17. mai 1909

Guðmundur nokkur Erlendsson, er búið hefur i Bjarnaborg hefur þáð sveitarstyrk hjer i vetur. Hann er sveitlægur i Hraunhreppi i Mýrasýslu. Æfiferilskýrslu hans tók jeg 27. marz þ.á., en hreppsnefndin i framfærsluhreppi hans hefur ekki viljað viðurkenna fyllilega lögmæti skýrslu þessarar, þar sem ekki var tekin af yður, herra bæjarfógeti, nje umboðsmanni yðar. Fyrir því mælist jeg hjer með til, að þjer vilduð láta taka æfiferilskýrslu manns þessa hið fysrta og senda mjer eptirrit af henni.-

Til athugunar legg jeg hjer með eptirrit af skýrslu þeirri, er jeg tók af Guðmundi.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
17. mai 1909

649

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 20 kr. sem er endurgjald frá Bergþór Vigfússyni upp i legukostnað þann, er greiddur var fyrir hann úr fátækrasjóði samkvæmt ávisun minni 6.þ.m.-

Fyrir þessum 20 kr. óskast kvittun við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

10. mai 1909

684

650

Í framhaldi af brjefi minu dags. 10.þ.m. leyfi jeg mjer hjer með að skýra frá því,að Bergþór sá Vigfússon, er brjefið ræðir um,hefur borgað 20 kr. upp i legukostnað þann,er fátækrasjóðurinn hjer varð að greiða fyrir hann og hefur hann jafnframt lofað að greiða eptirstöðvarnar af honum um næstu Jónsmessu.Það kemur því væntanlega ekki til að framfærslusveit hans þurfi að endurgjalda neitt af kostnaði þessum,en þess er óskað samt að fá viðurkenningu fyrir sveitfesti hans,eins og jeg hef farið fram á i nefndu brjefi minu.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17. mai 1909

651

Þ. 8. okt. 1907 ól ógipt stúlka hjer i bænum, Gróa Jörgensdóttir, barn er 2. des. s.á. var skirt Marinó. Faðir barns þessa er Norðmaður að nafni Olav Vishner, er þá dvaldi hjer og gekkst hann við faðerninu. Norðmaður þessi er farinn hjeðan úr bænum og hefur mjer verið sagt, að hann sje nú á Bildudal. Jeg bið yður því, herra sýslumaður að grennslast eptir hvort svo sje, og reynist það rjett eða sje þessi maður i sýslu yðar eruð þjer beðinn um, að skylda nefndan Olav Vishner með úrskurði til þess að gefa hæfilega árlega fúlgu með barni þessu. Ef þjer komist að raun um að Olav Vishner eigi heima eða dvelji i annari sýslu en Barðastrandarsýslu eruð þjer beðinn um að afgreiða málið til hlutaðeigandi sýslumanns.-

Skirnarvottorð barnsins fylgir hjer með.-

Til Sýslumannsins i Barðastrandarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. maí '09.

652

Hjermeð tilkynnist yður, að byggingarnefnd kaupstaðarins hefur leyft yður að gera glugga á dyrastað og gera 3 herbergi úr geymsluplássi í húsi yðar Laugaveg 22 a.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta óskast upplýst hvaða smiður hafi breytt húsi yðar á þennan veg.

Til
Ingveldar Kjartansdóttur,
Laugaveg 22

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. maí '09

653

Hjer með tilkynnist yður, að byggingarnefnd kaupstaðarins hefur leyft yður, að breyta verkstæðishúsi við íbúðarhús yðar Bergstaðastíg 9 í íbúðarhús, – með þeim skilyrðum, að þjer leggið fram skriflegar yfirlýsingar nágranna, er hlut eiga að máli, um að þeir fyrir sitt leyti samþykki að húsið megi vera eldvarnarveggjarlaust, með því það er of nærri mörkum. Skulu yfirlýsingar þessar þinglesnar á kostnað umsækjanda, sem kvaðir á nágrannalóðunum. –

Herra
Magnús Steindórsson, Lindarg. 8 b.

Var ekki skrifað

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. maí '09

654

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með, 25 kr. - tuttugu og fimm krónur til endurgjalds á fátækra-styrk veittum Þorbergi Björnssyni, Hverfisg. 28 B.

Fyrir þessum 25 kr. óskast kvittun við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18. maí '09



655

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 6. marz þ.á., leyfi jeg mjer hjermeð að skýra frá því, að Þorbergur Björnsson er brjefið ræðir um hefur borgað fátækrastyrk að upphæð 25 krónur, er honum þ. 22. jan. þ.á. var veittur, og mun Vatnsleysustrandarhreppur vera framfærsluhreppur hans.

Er það því tilmæli mín, að þjer, herra sýslumaður, vilduð tilkynna hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps þetta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17. mai 1909



~~682~~ 655

Með heiðruðu brjefi dags. 26.f.m. hafið þjer, herra sýslumaður sent mjer til umsagnar brjef hreppsnefndarinnar í Hraunhreppi dags. 20. f.m., en í brjefi þessu færist hreppsnefndin undan að endurgjalda styrk þann, er Guðmundi Erlendssyni hefur verið veittur hjer í bænum af fátækrasjóði. Um þetta brjef hreppsnefndarinnar leyfi jeg mjer að taka fram sem fylgir.

Hreppsnefndin vefengir að hún sje skyld til að endurgjalda þann hluta styrksins, sem veittur hefur verið fyrir 24. marz þ.á. fyrir þá sök, að æfiferilskýrsla þurfalingsins hafi ekki verið tekin á lögskipaðan hátt. En við þetta athugast að hjer hefur það verið venja að formaður fátækranefndarinnar hafi sjálfur tekið æfiferilskýrsluna, og var það gjört í þetta sinn. En skýrslan var tekin munnlega og að eins tilkynnt það innihald hennar, að hann væri sveitlægur í Hraunhreppi. Ákvæði fátækralaganna hjer að lútandi ber væntanlega að skilja þannig, að því að eins sje nauðsynlegt að taka æfiferilskýrslu, að einhver vafi sje á um sveitfestina. En hjer stóð ekki svo á, því að enginn vafi gat verið á því, að Guðmundur væri sveitlægur í Hraunhreppi. Jeg verð því að álita, að fyrir þessa sök geti hreppsnefndin ekki komizt undan að greiða sinn hluta af styrknum.-

Heimilisástæður Guðmundar eru þannig að hann auk sín framfæris bústýru sína og tvö börn hennar. Hann er faðir yngra yngra barnsins, en af hinu hefur heimilið ekki haft nein þyngsli, því eptir því sem bústýran hefur skýrt mjer frá og Guðmundur viðurkennt hefur faðir þess barns gefið 50 krónur með því ár-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lega.Það barn er á 10. ári.Hitt barnið sem Guðmundur er faðir að,er á fyrsta ári,og þarf því mikið meira til framfæris því. Bæði börnin voru veik um tíma í vetur og Guðmundur sjálfur veikur í fæti.Í desember janúar, og febrúar var Guðmundur gjörsamlega atvinnulaus og til þess að forða honum og heimili hans frá sulti varð þann tímann að leggja heimilinu allt sem nauðsynlegt var því til framfæris.Jeg sendi hjer með útskript úr ávísunarbók minni eða fátækranefndarinnar,er sýnir hvenær Guðmundi var veittur styrkur og hve mikill í hvert sinn og get þess um leið,að þess var vandlega gætt að láta ekki heimili hans meira í tje en nauðsynlegt þótti svo að ekki liði sult og til greiðslu húsaleigu og ljósa.Vænti jeg að þjer,herra sýslumaður, skyldið hreppsnefndina til að greiða 2/3 hluta allrar styrksupphæðarinnar,sem nú er orðin 125 kr.-

Jafnframt skal þess getið að jeg hef útvegað Guðmundi fasta vinnu hjer og og legg hald á kaup hans til þess að fá sem mest af skuld þessari goldið frá honum sjálfum.En vilji hreppsnefnd Hraunhrepps heldur sleppa því og fá hann fluttan þurfamannaflutningi á sveit sína skal það verða gjört tafarlaust.En jeg óska yfirlýsingar hennar um hvort hún óski þess.-

Fylgiskjölin þau,er fylgðu brjefi yðar endursendast.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. maí '09

656

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjermeð kr. 10.50 - tíu krónur og fimmtíu aura - sem er endurgjald frá Guðmundi Erlendssyni, Hverfisgötu 56, upp í legukostnað þann, er greiddur var fyrir hann úr fátækrasjóði samkvæmt ávísun minni 19. febr. þ.á.

Fyrir þessum kr. 10.50. óskast kvittun við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
19. maí '09
657

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 109.50 - eitt hundrað og níu krónur 50 aura -, sem er endurgjald frá Selvogshreppi á eptirstöðvum af fátækrastyrk veittum Bjarna Gíslasyni árið 1908
Fyrir þessum kr. 109.50 óskast kvittun við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. mai 1909

658

Á fundi 13. þ.m. samþykkti fátækranefndin styrkveitingu úr fátækrasjóði til handa stúlkunni Eirinu Eiriksdóttur Grettisgötu 58 B. að upphæð 50 kr.-Aðsjónargjörð er fram fór hjá henni áður en styrkurinn var veittur sendi jeg hjer með og ennfremur skýrslu um æfiferil hennar. Samkvæmt skýrslu þessari er Eirún sveitlæg i Vestur- Landeyjahreppi og eruð þjer, herra sýslumaður, beðinn um að útvega yfirlýsingu hreppsnefndar þess hrepps fyrir sveitfesti hennar, og sömuleiðis er krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum styrksins, ef styrkþegi sjálf ekki endurgeldur hann að fullu á næsta hausti, en það hefur hún lofað að gjöra.-

Til Sýslumannsins i Rangárvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
20. mai 1909

659

Faðir yðar hefur vegna veikinda orðið að leita fátækrastyrks og hefur því fátækranefndin orðið að koma honum fyrir með föst meðlagi..Fátækranefndin óskar því,að þjer,herra járnsmiður ásamt bræðrum yðar ,Torfa og Jóni,vilduð leggja föður yðar fúlgu,er nægi honum til framfæris.-

Jeg bið yður að láta mig vita hið fyrsta,hvort þjer sjeuð fúsir til þessa,og væntir fátækranefndin góðra undirtekta yðar í þessu efni,þannig að komist verði hjá að beiðast meðlagsúrskurðar af hálfu yfirvaldanna.-

Herra járnsmiður Klængur Jónsson , Bildudal.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20. mai 1909

660

Faðir yðar Jón Torfason hefur vegna veikinda orðið að leita sveitarstyrks og hefur fátækranefndin orðið að ráðstafa honum. Er þess því hjer með farið á leit, að þjer ásamt bræðrum yðar Klæng og Jóni vilduð leggja föður yðar framfærslueyri, er nægi honum til framfæris. Jeg bið yður að láta mig vita undirtekta yðar í þessu efni, og væntir fátækranefndin svo góðra undirtekta af hálfu ykkar bræðra, að komist verði hjá, að beiðast meðlagsúrðar af hálfu yfirvaldsins.-

Herra Torfi Jónsson, Mjóafirði.

Hvalveiðastöð H. Ellefsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
20. mai 1909

661

Faðir yðar hefur vegna veikinda orðið að leita fátækrastyrks og hefur því fátækranefndin orðið að koma honum fyrir með föstu meðlagi. Óskar fátækranefndin því, að þjer ásamt bræðrum yðar, Klæng og Torfa, vilduð leggja föður yðar fúlgu, er nægi honum til framfæris og helzt að þið sjálfir vilduð ráðstafa honum.

Jeg bið yður að láta mig vita hið fyrsta hvort þjer sjeuð fúsir til þessa, og væntir fátækranefndin svo góðra undirtekta yðar og bræðra yðar í þessu efni, að komist verði hjá því að leita yfirvaldsúrskurðar.-

Herra Jón Jónsson , Núpi í Ølvesi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. mai 1909

662

Bæjarfógetinn hefur samkvæmt ósk minni útnefnt yður, herra múrari,ásamt Guðjóni Gamalielssyni til þess að meta skemmdir þær,er orðið hfa á bæjarbryggjunni,steinpallinum við hanna og öðrum mannvirkjum,er Tryggvi bankastjóri Gunnarsson gjörði fyrir bæjarstjórnina samkvæmt samningum 10. jan. og 6. sept. 1906,en samkvæmt þeim samningum á nefndur bankastjóri að bæta á sinn kostnað skemmdir þær er yrðu á þessum mannvirkjum næstu tvö árin eptir að þau voru afhent.Þessa skoðunar og matsgjörð bið jeg ykkur að gjöra hið fyrsta og ekki siðar en i lok þessa mánaðar,og þess er óskað,að þjer aðvarið bankastjóra Tryggva Gunnarsson og mig sem formann hafnarnefndarinnar um hvenær skoðunar- og matsgjörðin fer fram.-

Eptirrit af akkorðsamningunum um verkið er hjá bæjarfógeta og verður það afhent ykkur þegar þið farið þess á leit.-

Herra múrai Stefán Egilsson , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
21. mai 1909

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að jeg hef ráðið Þorstein Þorsteinsson sem vörzlumann bæjarlandsins utan girðinga á þessu sumri fyrir 300 króna kaup, og má borga honum nú þegar 50 kr. af kaupi þessu, og svo síðar eins og venja hefur verið til.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 
21. maí '09. –

664

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 26. apríl þ.á. tilkynnist yður, herra sýslumaður, hjer með, að Guðmundur Magnússon, Lindargötu 5 hefur endurgoldið að fullu styrk þann, er honum var veittur úr fátækrasjóði Reykjavíkur 19. apríl þ.á. Þetta eruð þjer beðinn ~~um~~ að tilkynna hreppsnefnd Grindavíkurhrepps. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. mai 1909

665

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjar~~fógeti~~ (gjaldkeri), að jeg hef leyft að lána megi fyrverandi bæjarfulltrúa Ólafi Ólafssyni 65 kr. úr bæjarsjóði gegn því að lánið endurgjaldist af upphæð þeirri, er honum hefur verið veitt sem ellistyrkur úr bæjarsjóði. Þessar 65 kr. eruð þjer því beðinn um að greiða honum og taka viðurkenningu hans fyrir.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret Reykjavik
22. mai '09



~~646~~
646

Efter modtagelsen af Magistratens ærede skrivelse af 16. f. m. vedrørende modelsnedker Knud Jörgen Jensen har byfogeden efter min anmoding afæsket nævnte Knud Jörgen Jensens forklaring angaaende de punkter Magistraten önskede oplysning om. Byfogedens brev herom dat. 17 d. m. fremsendes hoslagt, og herefter lever paagældendes moder, fru Charlotte Jensen Ravnsborggade Nr. 21, samt hans söstkende, der vil kunne give alle fornødne oplysninger. -

Jeg forventer derfor Magistratens ærede anerkendelse af at nævnte Knud Jörgen Jensen er forsörgelsesberettiget i København og at den fattigunderstöttelse han har oppebaaret her vil blive refunderet og da han siden mit brev af 6. marz yderligere har faaet 45 kroner af fattigkassen beløber denne sig nu til 110 kr. som hoslagt regning udviser.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
22. maí '09

668

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 15 kr. – fimmtán krónur til endurgjalds styrk veittum Guðm. Erlendssyni, Bjarnaborg hinn 21. desbr. 1908.
Fyrir þessum 15 krónum vænti jeg kvittunar við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. mai 1909

269

Hjer i bænum er á stöðugu sveitarframfæri stúlka að nafni Ingveldur Þórarinsdóttir,sem er viðurkennd að vera sveitlæg i Eyrarbakkahreppi i Árnessýslu.Hún á barn á 1. ári,að nafni Hjálmtýr Róbert,sem hún mun ekki hafa getað feðrað.Barn þetta lætur nú fátækranefndin flytja þurfamannaflutningi á framfærslusveit móðurinnar,Eyrarbakkahrepp,en til þess þarf hún að fá vegabrjef hjá yður,herra bæjarfógeti,Eru það þvi tilmæli min,að þjer látið nefndinni i tje vegabrjef fyrir barn þetta og sendið mjer það til skrifstofunnar hið fyrsta.Fátækranefndin annast flutninginn og ábyrgist að hann verði framkvæmdur þannig, að hvorki lifi nje heilsu barnsins sje nein hætta búin af honum.

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

22. mai 1909

670

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með reikning frá bæjarstjórninni i Kaupmannahöfn yfir legukostnað drengsins Johan Edvards fyrir tímann frá 1. Okt. til 29. nóv. 1908, að upphæð 130 kr. og er hjer með lagt fyrir yður að senda bæjarstjórninni upphæðina og færa bænum hana til útgjalda undir gjaldalið 18 a,-

Jafnframt eruð þjer beðinn um að búa til einn aðalreikning yfir legukostnað þann, sem borgaður hefur verið til Kaupmannahafnar fyrir dreng hennar og láta honum fylgja sem fylgiskjöl reikninga bæjarstjórnar Kaupmannahafnar. Þennan reikning með fylgiskjölum þarf jeg að fá til þess að geta krafizt endurgjalds úr landssjóði á nokkrum hluta legukostnaðarins.

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. mai 1909

671

Með heiðruðu brjefi dags. 27.f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer brjef hreppsnefndaroddvitans i Eskifjarðarhreppi dags. 14. s.m., þar sem hann skýrir frá því að konan Elin Björg Runólfsdóttir, sem er skilin að borði og sæng frá manni sinum, Guðmundi lækni Pjeturssyni hjer i bænum, sje þurfandi styrks til framfæris sjer og börnum þeirra þremur, sem hjá henni eru, og fer oddvitinn þess á leit, að fátækrasjóður Reykjavikur leggi út árlegt meðlag það er Guðmundur hefur lofað að greiða samkvæmt skilnaðarskilmálunum, 240 kr., en ekki innt af hendi.-

Í tilefni af þessu er yður hjer með tjáð, að fátækranefndin hjer telur sjer ekki vera skylt að leggja úr árlega meðlagsfúlgu þá, er Guðmundur Pjetursson samkvæmt skilnaðarskilmálunum er skyldur til að greiða. En hinsvegar er það viðurkennt að kona hans Elin Björg Runólfsdóttir sje hjer sveitlæg og er fátækrasjóðnum hjer skylt að leggja henni sem fátækrastyrk það er nauðsyn krefur til framfæris henni og börnum hennar, og þar af leiðandi skylt að endurgjalda styrk þann, er henni verður löglega veittur eystra. Þess er óskað, að hreppsnefndin i Eskifjarðarhreppi sjái henni og börnum hennar fyrir framfæri, og jeg sendi yður, herra sýslumaður, hjer með 100 kr., er jeg ætlast til að þjer greiðið hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps sem fyrirframgreiðslu upp i styrk þann, er Elin Björg Runólfsdóttir kann að þiggja fyrir sig og börn sin.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. maí '09

672.

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, aptur reikninga þá þrjá frá lögreglunni í Kaupmannahöfn að upphæð 26 kr. 16 fyrir flutning á Finnanum August V. Airoksinen, og hef jeg ritað á reikningana ávísun til greiðslu úr bæjarsjóði.

Próf þau, sem á sínum tíma voru haldin yfir Finna þessum, óska jeg mjer ~~[illegible]~~ send við tækifæri.

Til

Bæjarfógetans í Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. mai 1909

673

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að vatnsveitunefndin hefur sambykkt að taka tilboði því, er þjer, Helgi Jónsson og Sigurður Jónsson hafið gjört að skipa upp og flytja eða vatnsveitupípur ofl., sem von er á í lok þessa mánaðar í byrjun næsta mánaðar fyrir endurgjald það, er þið hafið sett upp, sem sje kr. 2,55 fyrir uppskipun á tonni hverju og kr. 2,40 fyrir flutning á hverri pípu að meðaltali hjeðan úr bænum á leiðina frá Elliðaánum að Gvendarbrunnum. Þetta eruð þjer beðinn um að tilkynna þeim Helga Jónssyni og Sigurði Jónssyni.-

Herra trjesmiður Pjetur Ingimundarson, Laufásvegi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

674

Hjer með tilkynnist að vatnsveitunefndin hefur að þessu sinni hafni tilboði því, er þið hafið gjört að flýta svo innlagningunni á vatnsæðunum i húsin að henni sje lokið fyrir 15. júli þ.á., gegn 500 króna aukaþóknun.-

Til Helga Magnússonar & Co.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

675

Afsalsbrjefið fyrir húseign ykkar Ólafs Bjarnasonar og leigusamningurinn er nú tilbúin á skrifstofu minni til undirskriptar og eruð þjer því, herra húsmaður, beðinn um að koma hingað á skrifstofuna fyrir lok þessa mánaðar til þess að undirskrifa hvorutveggja.-

Herra húsmaður Árni Árnason , Lindargötu 26.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

676

Rjett eptir að jeg hafði skrifað brjef ~~mitt~~ til hreppsnefndarinnar dags. 10. þ.m.,og krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum af styrk þeim,er veittur hafði verið Ásbirni heitnum Sigurðssyni og fjölskyldu hans,meðtók jeg brjef yðar,herra oddviti, dags. 10. þ.m.,þar sem þjer óskið,að ekkja Ásbjarnar megi vera með börnum sinum hjer i bænum fyrst um sinn til næsta hausts.Þessu svarast þannig að ekkert er því til fyrirstöðu að ekkjan fái að dvelja hjer ef að eins hreppsnefnd Ytri- Akraneshrepps leggur henni það,er hún þarf til framfæris sjer og bönum sinum.En þurfi fátækranefndin hjer að leggja henni nokkuð verður að sjálfsögðu krafizt endurborgunar á öllum þeim styrk,en ekki að eins 2/3 hlutum hans.Þ. 15. þ.m. voru ekkjunni lagðar 25 kr. til framfæris og er hjer með krafizt endurgjalds á þeim.-

Jafnframt skal þess getið,að á reikningi þeim,er fylgði brjefi minu 10.þ.m. er ekki talinn allur kostnaðurinn við legu Ásbjarnar heitins og ekkju hans og barna.Það eru ýmsir reikningar svo sem fyrir hjúkrun ofl.,sem fátækranefndin hefur ennþá ekki fengið,en þeir verða sendir seinna,þegar þeir eru komnir.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

678

Eins og jeg gat um við yður, herra hreppsnefndaroddviti, i munnlegu viðtali nýlega hefur Þjóðbjörgu Benjaminsdóttur á þessu ári verið veittur framhaldsstyrkur að upphæð 15 kr., eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer. Er hjer með krafizt endurgjalds af sveitarsjóði Kjósarhrepps á 2/3 hlutum upphæðar þessarar.-

Til hreppsnefndaroddvita Kjósarhrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

679

Samkvæmt ráðstöfun yðar, herra hreppsnefndaroddviti, hefur gamalmenninu Þórunni Ingimundardóttur verið lagt næstliðinn vetur það sem hún hefur þurft til framfæris sjer og til endurgjalds á legukostnaði. Nemur sú upphæð sem henni hefur verið veitt eptir nýjárið samtals kr. 102,50, eins og meðfylgjandi reikningur ber með sjer. Er hjer með krafizt endurgjalds á 2/3 hlutum upphæðar þessarar.-

Það skal jafnframt tekið fram, að eins og talað var um milli okkar verður Þórunn flutt þurfamannaflutningi á sveit sína, ef hún þarfnast nokkurs styrks framar af fátækrasjóði.-

Til hreppsnefndaroddvita Rosmhvalaneshrepps hins forna.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. maí '09

Fátækranefndin hefur orðið að greiða legukostnað dóttur yðar á St. Josepsspítala að upphæð kr. 43.50. Er því hjer með skorað á yður að endurgreiða kostnað þennan hið fyrsta eða koma sem allra fyrst á skrifstofuna til þess að semja við mig um greiðsluna á honum.–

Herra
Einar Jónsson, Grettisg. 54

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

681

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. mai 1909

Eptir að formaður fátækranefndarinnar hjer sendi kröfu sina i brjefi dags. 31. des. á. um endurgjald á legukostnaði Jóns Sæmundssonar frá Írafelli hefur fátækrasjóðurinn hjer orðið að greiða framhaldslegukostnað fyrir nefndan Jón á sjúkrahúsinu fyrir misserið frá 1. okt. 1908 til 31. marz þ.á., samtals kr. 273,oo. Eins og rjettilega er tekið fram i brjefi yðar, herra oddviti, dags. 26. jan. þ.á. hefur hreppsnefnd Kjósarhrepps greitt upp i legukostnað þennan kr. 38,04. Eru þannig eptir kr. 234,96, er jeg hjer með krefst greiðslu á við fyrsta tækifæri.-

Það skal tekið fram, að þar sem fátækranefnd Reykjavikur hefur þegar greitt 1/3 kluta af miklu meiri upphæð en nemur 100 kr. af legukostnaði Jóns Sæmundssonar telur hún sjer ekki skylt að greiða lengur neitt af legukostnaði hans og er því krafa gjörð til endurgjalds á allri frmangreindri upphæð, 273 kr., og að öðru leyti er þess krafizt að hreppsnefnd Kjósarhrepps gangi sjálf i ábyrgð fyrir legukostnaði Jóns hjer eptir, þannig að fátækranefndin losist við að leggja nokkuð af honum fram til bráðabyrgða.-

Til hreppsnefndar Kjósarhrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

682 718

26. mai 1909

Eins og meðfylgjandi brjef frá hreppsnefnd Bessastaða-
hrepps ber með sjer beiddist nefndin þess, að Jónasi Árnasyni
Laugaveg 56, yrði lagður úr fátækrasjóði styrkur sá, er hann
þyrfti til framfæris honum og fjölskyldu hans næstliðinn vetur.
Þetta hefur fátækranefndin gjört og sendi jeg hjer með reikn-
ing yfir það, sem Jónasi hefur verið lagt, að upphæð 150 kr., og
bið jeg yður, herra sýslumaður, að innheimta upphæðina hjá Bessa-
staðahreppi hið fyrsta og senda mjer.

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
27. maí '09
683

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, kr. 46.66 – fjörutíu og sex krónur 66 aura –, sem er endurgjald frá hreppsnefnd Garðabæjarhrepps upp í legukostnað Guðmundar Ámundasonar.
Fyrir þessum kr. 46.66 – óska jeg kvittunar við hentugleika.

Til
Bæjargjaldkerans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. mai 1909

684

Með heiðruðu brjefi dags. 27. jan. þ.á. hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent mjer skjöl 23 að tölu viðvikjandi ágreiningi, sem er milli Suðurfjarðarhrepps annarsvegar og Reykjavikurbæjar hinsvegar um endurgjald á legukostnaði stúlkunnar Karólinu Sveinbjarnardóttur, til þess að mjer gefist kostur á að gjöra athugasemdir minar um málið.-

Eptir að jeg hef kynnt mjer málsskjöl þessi sje jeg ekki ástæðu til að tka fram um það annað, en formaður fátækranefndarinnar hefur gjört i brjefum sinum dags. 20.nóv. 1907 og 30. des. f.á. og leyfi jeg mjer i einu sem öllu að visa til þess, er þar er tekið fram, og legg málið undir úrskurð yðar.

Fylgiskjölin 23 að tölu endursendast hjer með og bið jeg jafnframt afsökunar á þvi, að afgreiðsla máls þessa hefur dregist hjá mjer lengur en vera átti.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. mai 1909

685

Mjer hefur verið skýrt frá því,að vatnið við Elliða-
árnar ofarlega og ár þær,er i þær renna sje ennþá stýflað og
liggi á engjunum Elliðavatns og Vatnsenda.Jeg hef skilið lögin
og samningana þannig,að stýflurnar skuli árlega vera teknar
burt svo snemma,að allt vatn sje runnið af engjunum áður en lax-
veiðatiminn byrjar eða fyrir 1. júni.Þaðser því hjer með kraf-
izt að stýflurnar úr ánum sjeu teknar burtu og vatninu hleypt
burt af engjunum ekki siðar en 31. þ.m. að kvöldi.-

Herra óðalsbóndi Páll Stefánsson , Elliðavatni.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. mai 1909

686

Þar sem það veldur truflun á umferð i bænum og á starfinu við lagning vatnsveitunnar, að unnið sje að því að leggja vatnsæðarnar inn i húsin i mörgum götum i senn, þá er hjer með lagt svo fyrir, að hinir löggiltu innlagningarmenn megi ekki fyrst um sinn vinna að innlagningu i öðrum götum en þeim, sem innlagningarmenn vatnsveitunefndarinnar eru að vinna i að innlagningu i húsin og samtimis þeim. Þetta tilkynnist yður hjer með að því viðbættu, að fyrirsögnum H.A. Hansens verkfræðings ber að hlýta i sjerhverju tilliti hvað þetta snertir og verður því að fá samþykki hans áður en byrjuð er innlagning i hverri götu fyrir sig.-

Herra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
6. júni 1909

687

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með afsalsbrjef til handa Reykjavikurbæ fyrir húsinu Nr. 26 við Lindargötu, er jeg bið yður að þinglesa á næsta bæjarþingi. Gjaldið fyrir þinglesturinn verður yður greitt eptir reikningi.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
6. júni 1909

687

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með samrit af leigusamningi fyrir húsinu Nr. 26 á Lindargötu, sem bærinn hefur kaypt af þeim Árna Árnasyni og Ólafi Bjarnasyni, en þeir aptur leigt af bænum. Leigan er 100 kr. á ári, er greiðist 1. okt. hvárt ár, i fyrsta sinn 1. okt. þ.á.- Ber yður að innheimta leiguna samkvæmt samningnum og færa bænum til tekna, og jafnframt ber að bæta húsi þessu á eignaskrána, sem leigðar eru öðrum. Leigan færist bænum til tekna undir tekjulið 5. i áætluninni.

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

689

Hjermeð tilkynnist yður, at bæjarstjórnin hefur leyft yður at gera salerni 2'x2¼" at stærð áfast húsi yðar at húsabaki.

Herra
Einar Jónsson, Laugaveg 71

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

690

Á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. var yður leyft að gera salerni 6° x 2½° að stærð á lóð yðar áfast húsinu á Þingholtsstræti 27, samkv. því er þjer hafið farið fram á í brjefi dags. 10. maí '09.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bankaritari hjermeð.

Herra
bankaritari Jens B. Waage

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

691

Bæjarstjórnin hefur leyft yður að byggja skúr 11° x 6½° að stærð á baklóð yðar frá Hávastíg, á lóðarmörkum með eldvarnarvegg í annari hlið, samkv. uppdrætti, er fylgdi með brjefi yðar dags. 18. f. m.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra trjesmiður, hjer með.

Herra
trjesmiður Samúel Jónsson. Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

692

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að bæjarstjórnin hefur leyft yður að breyta glugga í húsinu við Laugaveg 19, samkv. beiðni yðar dags. 20. f. m. –

Herra
kaupmaður Jóhann Jóhannesson
Bergst. str. 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

693

Bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra augnlæknir, að gera vagnskýli úr báru-járni 3½° x 12° að stærð áfast og upp við vesturhlið hesthúss yðar milli Tjarnar-götu og Suðurgötu, samkv. beiðni yðar dags. 7. f. m. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
augnlæknir Björn Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

694

Bæjarstjórnin hefur á fundi 5. þ.m. leyft yður, að reisa tvíloptaðan geymsluskúr 5° x 5°, áfastan húsi yðar á öðrum enda og með eldvarnarvegg á honum, samkv. uppdrætti er fylgdi beiðni yðar dags. 21. f.m.

Þetta tilkynnist yður hjer með. –

Herra
Magnús Jónsson, Njálsgötu 41

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

695

Á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. var yður leyft að gera viðbót við skúr við vesturhlið húss yðar Bræðraborgarstíg 26, þannig að skúrinn verði jafnlangur húsinu og verður þá viðbótin 1° x 4°, enn fremur salerni áfast skúrnum 1½° á hvern veg, samkv. beiðni yðar dags. 22. f. m.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.

Herra
Grótjón Björnsson, Bræðraborgarstíg 26

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

732

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

696

Á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. var yður synjað um leyfi til að mega byggja skúr 9" x 10" að stærð á lóð yðar á bak við húsið Austurstræti 18, vegna þess að ekki er nægilega breiður gangur fyrir slökkvitól að skúrnum.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
Ásgrímur Eyþórsson, Austurstræti 18

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

697

Bæjarstjórnin hefur á fundi 5. þ. m. leyft yður, herra framkvæmdarstjóri, að breyta sölubúðinni á 1. gólfi í Kirkjustræti 8 B í íbúð, taka af útidyr að Kirkjustræti, og setja tvo prísetta glugga í stað búðargluggana tveggja, samkv. teikningu er fylgdi beiðni yðar dags. 27. f. m. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

Herra
framkvæmdarstjóri

Magnús Blöndahl. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 734
7. júní '09

698

Bæjarstjórnin hefur samþykkt bruna-
bótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

| | | |
|---|---|---|
| Guðna Símonarsonar, Óðinsgötu | Kr. | 10417.00 |
| Bjarna Jónssonar, trjesm., Fraklastíg | " | 3307.00 |
| Einars Jónssonar, trjesm. Laugav. 71 | " | 4695.00 |
| Timbur- og kolaverzl. „Batskabúð" | " | 4196.00 |
| Annat hús sömu áfast við sama hús, með skúr | " | 4175.00 |
| Brynjólfs kaupm. Bjarnasonar við Aðalstræti ásamt geymsluhúsi á sömu lóð | " | 16097.00 |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,
herra brunamálastjóri hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

699

Út af fyrirspurn yðar, herra hjeraðslæknir, til byggingarnefndarinnar, dags. 8. f. m. um leyfi til að reisa hús á bletti sjera Eiríks Briems milli Barnaskólans og Bókhlöðustígs, svarar byggingarnefndin þannig, að hún vilji ekki hagga við áðurgerðum ákvæðum um að halda svæði þessu óbygðu.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
hjeraðslæknir Guðmundur Hannesson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 736
7. júní '09

700

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi 5. þ. m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

701

Á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. var yður synjað um leyfi til að gera breytingar á húsi yðar Bræðraborgarstíg 17, sökum þess að húsið stendur að nokkru í fyrirhugaðri götu (Ökrugötu).
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
Jóhann S. Hjörleifsson, Bræðrab. stíg 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

738

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní 09

702.

Á fundi 5. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin, að Ásgeir Sigurðsson, kaupmaður og Tryggvi Gunnarsson bankastjóri mættu kreyta erfðafestulandi 1245 □ al. að stærð af Melkotstúni, er þeir selja fyrv. ráðherra H. Hafstein á 1 kr. 50 a. hverja feralin með því skilyrði að 1/5 hluti kaupverðsins greiðist í bæjarsjóð

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, erum vjer beðinn um, að senda hlutaðeigendum reikning og kvitta fyrir þessum 1/5 hluta af kaupverði nefndrar lóðar.-

Til

Bæjargjaldkerans í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní 29

703

Á fundi byggingarnefndarinnar 22. f. m. var hlutafjel. „Völundi“ leyft með 4 atkv. gegn 1 að setja tvo lága þrísetta glugga á portið á framhlið hússins Laugav. 17, sinn á hvorn enda.

Jafnframt því að tilkynna þetta, er þess óskað, að teikning af þessu verði lögð fyrir næsta fund bæjarstjórnarinnar.

Breytt

Til
Hlutafjelagsins „Völundur“
herra trjesm. Hjörtur Hjartarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
4. júní '09

704

Á fundi byggingarnefndarinnar 22. f. m. var lögð fram beiðni yðar um að fá undanþágu frá því að byggja eldvarnarvegg á húsið Hverfisg. 18 c. er stendur aðeins 3° frá lóðarmörkum.

Byggingarnefndin neitar að veita þessa undanþágu og krefst þess, að annaðhvort verði byggður eldvarnarveggur á norðurhlið hússins 18 c. við Hverfisgötu, eða að lóðarmörkin milli 18 c. annarsvegar og 18 a og 18 b hinsvegar verði færð svo, að ekkert þessara húsa eða úthúsa við þau standi nær lóðarmörkum en 5 álnir, nema eldvarnarveggur heimili.

Ef ekki verður innan næsta byggingarnefndarfundar komin fram skrifleg yfirlýsing um að þessu skuli vera fullnægt innan loka júnímánaðar næstkomandi, heldur byggingarnefndin fast við kröfu sína á fundi 27. marz síðastl., að þjer sætið sektum fyrir ólöglega sundurskiptingu lóðar og byggingu, og þjer verðið skyldaður til að rífa niður húsið Hverfisg. 18 c., nema lagfært verði. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra trjesmiður, hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júní '09

705

Á fundi 5. þ. m. afsalaði bæjarstjórnin sjer forkaupsrjetti að 1245 ferálnum af erfðafestulandi úr Melkotstúni, er þjer herra kaupmaður og bankastjóri Tryggvi Gunnarsson ætlið að selja fyrv. ráðherra H. Hafstein fyrir kr. 1.50 hverja feralin.
Bæjarstjórnin samþykkti þessa breytingu gegn því, að 20% af andvirðinu greiðist í bæjarsjóð. –

Breytt

Herra
kaupmaður Ásgeir Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. júni 39

706

Á fundi bæjarstjórnarinnar 5. þ. m. var yður synjað um leyfi til að ~~til~~ byggja einlopta íbúðarhús 12° x 11 3/4 að stærð, er þjer höfðuð farið fram á í brjefi dags. 6. þ. m.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
Björn Jónsson, Hverfisgötu 26.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7. júní 09



Jeg hef í dag skrifað Jóhannesi Lárussyni þessa leið.

„Á fundi byggingarnefndarinnar 22. f. m. var lögð fram beiðni yðar um að fá undanþágu frá því að byggja eldvarnarvegg á húsi Hverfisgötu 18 c., er stendur aðeins 3° frá lóðarmörkum.

Byggingarnefndin neitar að veita þessa undanþágu og krefst þess, að annaðhvort verði byggður eldvarnarveggur á norðurhlið hússins 18 c. við Hverfisgötu, eða að lóðarmörkin milli 18 c. annarsvegar og 18 a og 18 b hinsvegar verði færð svo, að ekkert þessara húsa eða úthúsa við þau standi nær lóðarmörkum en 5 álnir, nema eldvarnarveggur heimili.

Ef ekki verður innan næsta byggingarnefndarfundar komin fram skrifleg yfirlýsing um að þessu skuli vera fullnægt innan loka júnímánaðar næstkomandi, heldur byggingarnefndin fast við kröfu sína á fundi 27. marz síðastl., að þjer sætið sektum fyrir ólöglega sundurskiptingu lóðar og byggingu og þjer verði skyldaður til að rífa niður húsið Hverfisg. 18 c., nema lagfært verði."

Jafnframt því að tilkynna þetta leyfi jeg að vísa til brjefs míns 2. apr. þ. á. og vænti jeg að komið verði fram ábyrgð á hendur Jóhannesi Lárussyni og hann skyldaður til að lagfæra húsið eða rífa niður það samkv. kröfu byggingarnefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
9. júní '09

708

Hjermeð leyfi jeg mjer að tilkynna yður, háæruverðugi herra biskup, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að bæta við og breyta íbúðarhúsi yðar eins og þjer hafið farið fram á í heiðruðu brjefi 15. f.m. En hinsvegar frestaði bæjarstjórnin að taka ákvörðun um hvort heimild skyldi veita að breyta erfðafestulandinu kring um hús yðar í byggingarlóð, þar til áætlun bæjarverkfræðingsins væri fengin um afstöðu fyrirhugaðra gatna á því svæði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8. júní '09

709

Á síðasta fundi frestaði bæjarstjórnin að taka ákvörðun um hvort leyfa skyldi Þórhalli biskupi Bjarnarsyni að breyta spildu kringum hús hans við Laufásveg í byggingarlóð, þar til fengin væri áætlun um götu-plan á því svæði. Er því hjermeð lagt fyrir yður, að leggja fyrir næsta byggingarnefndarfund tillögur yðar um fyrirhugaðar götur á þessu svæði.–

Herra
byggingarfulltrúi Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

9. júni 1909

710

Með því að lán það, er Reykjavikurbær hafði tekið til vatnsveitunnar er þrotið, en hinsvegar mikið eptir af verkinu hefur bæjarstjórnin á síðasta fundi samþykkt að tka allt að 100 þúsund króna lán i öðrumhvorum bankanum hjer til að fullgjöra vatnsveituna. Það er hugsunin að taka þetta lán til bráðabyrgða hjá Íslandsbanka sem reikningslán, er endurborgist ekki síðar en 2. jan. næstkomandi, en hinsvegar er fengið loforð fyrir því, að Landsbankinn veiti bænum innan þess tima veðdeildarlán sömu upphæðar, er verði látið ganga til lúkningar reikningsláninu. Jeg leyfi mjer nú virðingarfyllst að fara þess á leit, að yður, hávelborni herra ráðherra, vildi þóknast að veita samþykki til þess, að bærinn megi taka reikningslán þetta.-

Eptirrit úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar hjer að lútandi sendist hjer með.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifsotfu Borgarstjóra Reykjavikur

12. júni 1909

Hjer með tilkynnist yður,herra bæjargjaldkeri,að bæjarstjórnin hefur keypt af Gunnlögi Pjeturssyni fjós það, er hann átti á Ártúnum fyrir 150 kr.- Þessar 150 kr.,er hjer með lagt fyrir yður að greiða Gunnlögi,er hann krefst þess og færa bænum þær til útgjalda undir 16. útgjaldalið fjárhagsáætlunarinnar.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Júní '09

712

Með brjefi dags. 11. þ.m. hefur Stjórnarráð Íslands skrifað mjer á þessa leið: „Samkvæmt umsókn Jóhannesar L. L. Jóhannssonar prests að Kvennabrekku og upplýsingum þeim, sem henni fylgdu um efnahag og ástæður hans, og eptir móttöku brjefs fátækranefndar Reykjavíkur, dags. 29. des. f.á., og álits bæjarfógetans í Reykjavík um málið, hefur stjórnarráðið úrskurðað, að meðlag það, sem nefndum Jóhannesi presti er gjört skylt að greiða með fráskilinni konu sinni, Steinunni J. Jakobsdóttur, samkv. úrskurði amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, dags. 6. okt. 1896, skuli fært niður í 40 – fjörutíu krónur á ári, fyrst um sinn um tímabilið frá 1. okt. 1908 til 30. sept. 1911." –

Þetta eruð þjer, herra borgarstjóri beðinn að birta þeim, sem að konunnar hálfu eiga hlut að máli." –

Björn Jónsson

/ Jón Hermannsson

Þetta tilkynnist yður, herra trjesmiður, hjer með.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
12. júní '09

713

Með skírskotun til brjefs míns dagS. 15. f. m. viðvíkjandi innheimtu hjá sjera Jóh. L. Jóhannssyni á meðlagi með fráskilinni konu hans, hefur stjórnarráðið þ. 11. þ. m. skrifað mjer á þessa leið:

„Samkvæmt umsókn Jóhannesar L. L. Jóhannssonar prests að Kvennabrekku og upplýsingum þeim, sem henni fylgdu um efnahag og ástæður hans, og eptir móttöku brjefs fátækranefndar Reykjavíkur, dags. 29. des. f. á., og álits bæjarfógetans í Reykjavík um málið, hefur stjórnarráðið úrskurðað, að meðlag það, sem nefndum Jóhannesi presti er gjört skylt að greiða með fráskilinni konu sinni, Steinunni J. Jakobsdóttur, samkv. úrskurði amtmannsins yfir Suður- og Vesturömtunum, dags. 6. okt. 1896, skuli fært niður í 40 – fjörutíu krónur á ári, fyrst um sinn um tímabilið frá 1. okt. 1908 til 30. sept. 1911.“ –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra sýslumaður, hjermeð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. júní '09

Samkvæmt lögum 22. nóv. '07 eru landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórn Reykjavíkur ákveður að vatnsveitan skuli vera, skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviptir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samkv. lagaákvæði þessu ákveðið að taka vatn til vatnsveitunnar úr svonefndum Gvendarbrunnum, er liggja í landareign þjóðjarðarinnar Hólms í Seltjarnarneshreppi. Lindir þessar liggja í hrauni langt frá bænum, og eru ekki notaðar til neins, hvorki til neyslu fyrir ábúanda Hólms eða annars.

Það er virðingarfyllst tilmæli mín að hinu háa stjórnarráði vildi þóknast, að veita bæjarstjórn Reykjavíkur heimild til þess, að fá umráð yfir lindum þessum til þess að taka vatn úr þeim í vatnsveituna, og sjerstaklega til þess að mega afgirða lindirnar svo að enginn komist að þeim. Hvað hið síðara atriði snertir leyfi jeg mjer að geta þess, að lindirnar koma upp í hrauninu þar sem ekkert graslendi er, og rýrist því jörðin ekki á neinn hátt við það að lindirnar verði girtar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
18. júni 1909

715

Með heiðruðu brjefi dags. 15.þ.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer kr. 26,67, sem er endurgjald frá Áshreppi i sýslu yðar á 2/3 hlutum styrks þess, er Sigurði Sigurðssyni Laufásvegi 3 hjer i bænum var veittur i vetur sem leið.

Fyrir upphæð þessari kvittast hjer með.-

Til Sýslumannsins i Húnavatnssýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. júni 1909

716

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með kr. 26,67, sem er endurgjald frá Áshreppi i Húnavatnssýslu á 2/3 hlutum fátækrastyrks þess, er Sigurði Sigurðssyni Laufásveg 3 var veittur hjer i bænum siðastliðinn vetur.

Fyrir upphæð þessari óskast kvittun.-

Til Bæjargjalkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
18. júni 1909

717

Bjarni Jónsson, snikkari á Njálsgötu 37, skuldaði bænum frá fyrri árum kr. 467,50 fyrir lóð, er hann keypti af bænum við Frakkastig. Af upphæð þessari hefur hann greitt til min 200 kr., er jeg sendi yður, herra gjaldkeri, hjer með og óska kvittunar fyrir.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

19. júní 1909

718

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með skjöl 6 að tölu viðvíkjandi ágreiningi þeim, sem er milli Reykjavíkur og Húsavíkurhrepps um endurgjald á sveitarstyrk, er Agli Guðnasyni var veittur þar fyrir nokkrum árum.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. júní '09



719

Á fundi 17. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingu á húseign „Völundar" við Laugaveg 17 á kr. 23115.00.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra brunamálastjóri, hjermeð. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. júní '09

756

720

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingu á húseign Völundar við Laugaveg 17, er bæjarstjórnin samþykkti á fundi 17. þ. m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
21. júní '09

721

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17. þ.m. leyft yður, að setja glugga á suðurhlið húss yðar nr. 31 við Skólavörðustíg, er þjer höfðuð farið fram á í brjefi dags. 10. þ.m.

Frú
Margrjet Magnúsdóttir, Skólavörðustíg 31

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavík
22. júní '09



Til 722.

Firma Carl Francke, Bremen.

Som allerede meddelt firmaets repræsentant her paa stedet har byraadet i et møde 17. d. m. vedtaget at optage i de herværende banker et laan til bygning af gasværket i henhold til den med firmaet oprettede kontrakt af 19. Febr. d. á. Det endelige laan optages i Islands Landsbanke til kurs 98%, forrentes med 5% og ammortiseres i løbet af 30 aar.

Samtidig blev de fra firmaet modtagne laanetilbud saavel det midlertidige som det paa 30 aar til 5% rente og kurs 94% forkastede. –

Dette har jeg den ære herved at meddele firmaet

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. juni '09



Til gensvar paa Deres ærede af 12. d. m., meddeles Dem herved at den største exportør af faarekød her paa stedet er „Reykjaviks Slagtehus". –

Med høiagtelse

Til
J. Olav Sørensen
Agentur og Kommissionsforretning
Arendal

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. júni 1909

724

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri,

að fátækranefndin hefur komið ómaganum Guðrúnu Sigurðar-dóttur frá Guðnabæ fyrir hjá Guðjóni Guðmundssyni Berg-staðastræti 22 frá 14. mai þ.á., með sömu meðgjöf og verið hefur. Er því hjer með lagt fyrir yður að greiða Nefndum Guðjóni Guðmundssyni meðgjöfina frá 14. f.m.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur 761
23. júní '09

725

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samþykkt svohljóðandi ályktun:
„Magnúsi Guðmundssyni leyft að gera skúr við norðurhlið húss síns Hverfisg. 18c, falla þá burtu 4 gluggar á þeirri hlið hússins; en leyfist að bæta í þeirra stað gluggum á gafla húss og skúrs. Skúrinn er jafn langur húsinu, en 3 álnir á breidd fram frá hliðinni og nær þanning á mörk og kemur þar eldvarnarveggur upp fyrir þakbrún. Þegar þetta er komið í kring, fellur niður kæra byggingarnefndar á hendur Jóhannesi Lárussyni, er gerð var á fundi byggingarnefndar 22. maí síðastliðinn"
Þetta tilkynnist yður hjer með, herra trjesmiður. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. júní '09

726

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samþykkt svohljóðandi ályktun:
„Magnúsi Guðmundssyni leyft að gera skúr við norðurhlið húss síns Hverfisgötu 18 C, falla þá burtu 4 gluggar á þeirri hlið hússins, en leyfist að bæta í þeirra stað gluggum á gafla húss og skúrs. Skúrinn er jafnlangur húsinu, en 3 álnir á breidd fram frá hliðinni og nær þannig á mörk og kemur þar eldvarnarveggur upp fyrir þakbrún. Þegar þetta er komið í kring, fellur niður kæra byggingarnefndar á hendur Jóhannesi Lárussyni, er gerð var á fundi byggingarnefndar 22. maí síðastliðinn."

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23. júní '09

727

~~Út af~~ Fyrirspurn yðar, herra landsímastjóri, um hvort ~~þjer fáið~~ leyfi til að setja hús það, er þjer ætlið að byggja á horni Þingholtsstrætis og Skálholtsstígs, ca. 5 álnum sunnar stígsins og ca. 18 álnum vestar Þingholtsstrætis og snýr hliðin að því, hefur byggingarnefndin svarað játandi. En byggingarleyfi bíður þess, að uppdráttur að húsinu verði lagður fram og samþykktur. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans Reykjavíkur
23. júní '09

728

Í framhaldi af brjefi mínu dags. 9. þ.m. leyfi jeg mjer hjermeð, háæruverðugi herra biskup, að tilkynna yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 17. þ.m. samþykkt, að þjer megit breyta í byggingarlóð spildu þeirri í kringum hús yðar þeirrar stærðar, er þjer hafið óskað eptir, þó þannig að byggingarlóðin verði ekki látin ná lengra vestur en 5 álnir niður fyrir fjós yðar. Samþykkit er ennfremur bundit því skilyrði, að verð lóðarinnar verði metit af 2 dómkvöddum mönnum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. júni 1909

Jeg leyfi mjer hjer með að senda yður, velborni herra konsúll, eptirrit úr byggingarnefndarbók kaupstaðarins frá fundi byggingarnefndarinnar 24. april þ.á., innihaldandi heimild yður til handa, til að byggja íbúðarhús á svonefndu "Fjelagstúni" fyrir innan Rauðará.-

Velborni herra konsúll Brillouin, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. júni 1909

Jeg leyfi mjer hjer með að senda yður, velborni herra konsúll, eptirrit úr byggingarnefndarbók kaupstaðarins frá fundi nefndarinnar 9. okt. f.á., innihaldandi samninginn milli byggingarnefndarinnar annarsvegar og þeirra Jóns Jenssonar yfirdómara og Halldórs Jónssonar bankagjaldkera hinsvegar um afhendingu og notkun lóðar þeirrar, er þeir hafa selt yður undir hús úr svonefndu Fjelagstúni.-

Velborni herra konsúll Brillouin , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. júní '09

730.

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri 10-tíu krónur sem er endurgjald frá Hjóraðhreppi á 2/3 hlutum sveitarstyrks, er Þjóðbjörgu Benjamínsdóttur var veittur þ. 11. jan. þ. á.
Kvittunar óskast við tækifæri. –

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavíkur
25. júní '09

768

731

Jeg leyfi mjer að senda heilbrigðis-
nefndinni hjer með til umsagnar erindi
Siggeirs kaupmanns Torfasonar, dags. í dag,
þar sem hann fer þess á leit, að honum
verði veitt slátrunarleyfi um þriggja
mánaða tíma næstkomandi haust.
Umsögn nefndarinnar óska jeg að fá
svo tímanlega, að erindið geti orðið lagt
fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Páll Einarsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
28. júní '09

769

732

Byggingarfulltrúinn hefur skýrt mjer frá því, að hús það, sem verið er að smíða inn á Fjelagstúni fyrir konsúl Brillouin sem fulltrúa franska spítala fjelagsins í Dunkerque, fullnægi ekki ákvæðum byggingarsamþykktarinnar að því er bitagildleika í tveimur herbergjum og milligólf í öllu húsinu snertir, og hafi smiðurinn er fyrir smíðinni stendur farist undan að gjöra þetta samkvæmt byggingarsamþykktinni og heldur ekki sótt um eða fengið undanþágu með þessi atriði.

Fyrir hönd byggingarnefndarinnar leyfi jeg mjer að kæra þetta fyrir yður, herra bæjarfógeti, og fara þess á leit að þjer komið fram ábyrgð á hendur þeim, er brotið hafa í þessu efni, og jafnframt, að þjer leggið bann fyrir að smíðinni sje haldið áfram nema þetta sje lagfært eða undanþága fengin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. júní '09



733

Jeg hef gefið samþykki fátækranefndarinnar til þess að Guðmundur Þórðarson megi flytja með fjölskyldu sína til Ameríku, treystandi á loforð yðar, að skuld sú, sem hann er í við sveitarsjóð Reykjavíkur verði borguð. Reikning yfir það, er Guðmundur skuldar sveitinni sendi jeg hjer með og vænti að fá skuldarupphæðina kr. 569.35 endurgoldna hið fyrsta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. júní '09

734

Jeg sendi yður hjer með, herra gjaldkeri, 50 - fimmtíu krónur -, sem er endurgjald frá Ölveshreppi uppí styrk, er veittur hefur verið gamalmenninu Eydísi Eyjólfsdóttur.
Fyrir upphæð þessari óskast kvittun.

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. júní '09

735

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 234 kr. 96 - tvöhundruð þrjátíu og fjórar krónur 96 aura, sem er endurgjald frá Kjósarhreppi á þeim hluta legukostnaðar Jóns Sæmundssonar, sem Kjósarhreppi bar að endurgreiða af því er fátækrasjóður Reykjavíkur hefur lagt út fyrir Jón Sæmundsson til þessa dags. -
Kvittun fyrir greiðslu þessari óskast.

Páll Einarsson

Til
Bæjargjaldkera Reykjavíkur. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavík
29. júní '09

756

Hr. ingeniör H. A. Hansen.

Løsningen af rörene vil være tilendebragt i dag. Det har vist sig, at en ikke ubetydelig del af rörene er revnede og beskadigede, samt at nogle af dem er fra tidligere aargange, rustne og formenes at være udskudsvare. Jeg anmoder dem om, at komme hurtigst muligt til byen forat efterse rörene og varetage byens interesse angaaende dette.

Jeg anser ogsaa deres nærværelse her nödvendig naar byledningerne blive aabnede for vandet. Jeg finder det mistænkeligt at paa strækningen fra Rauðarárholt til Barónsstígur har allerede 4. 10" rör vist sig at være revnede og hver gang der bliver aabnet for vandet fremkommer der en ny læk. Jeg önsker for hvert enkelt tilfælde at faa konstateret aarsagen til beskadigelserne.

Forventende dem i dag eller morgen tegner jeg

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29 júní '09

757

Með brjefi dagsettu 17. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 10 – tíu krónur – frá Sandvíkurhreppi til endurgjalds 2/3 hlutum sveitarstyrks, er veittur var stúlkunni Friðsemd Jónsdóttur þ. 10. apríl þ. á.

Fyrir þessum 10 – tíu krónum kvittast hjer með. –

Til
sýslumannsins í Árnessýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. júní '09

758

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri hjer með 10 tíu krónur, sem er endurgjald frá Sandvíkurhreppi á 2/3 af styrk er Friðsemd Jónsdóttur var veittur þ. 10. april þ. á.
Kvittun óskast við tækifæri.

Til
Bæjargjaldkerans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. júní '09

759

Með brjefi dags. 19. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 40 - fjörutíu krónur frá Stokkseyrarhreppi hinum forna til endurgjalds meðlagi með Einari, óskilgetnu barni Guðlaugs Gíslasonar og Þyrjólfinu Þyrjólfsdóttur.

Fyrir þessum 40 - fjörutíu krónum kvittast hjermeð. -

Til
sýslumannsins í Árnessýslu. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
29. júní '09

760

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjargjaldkeri, 40 – fjörutíu krónur – frá Stokkseyrarhreppi hinum forna til endurgjalds meðlagi með Sævari, óskilgetnu barni Guðlaugs Gíslasonar og Eyjólfínu Eyjólfsdóttur, er kom í gjalddaga 2. jan. þ.á. og greitt var til bráðabirgða úr fátækrasjóði Reykjavíkur þ. 11. jan. þ. á. –

Kvittun fyrir þessum 40 fjörutíu krónum vænti jeg að meðtaka við tækifæri. –

Meðlagsúrskurðurinn sendist einnig.

Til
Bæjargjaldkera Rvíkur. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. júní 1909

761

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að fátækranefndin hefur á síðasta fundi sínum hækkað meðlagið með barninu Auróru Margrjeti Sigs. Carlson, sem er hjá Jóni Jónssyni frá Ánanaustum ( á Bakka) upp í 10 kr. á mánuði frá 1. þ.m. að telja.-

Til bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
29. júni 1909

762

Árni Jósefsson snikkari, Njálsgötu 27. B. er ásamt fjölskyldu sinni hjer á sveitarframfæri sökum veikinda hans. Fátækranefndin biður yður, herra hjeraðslæknir að rannsaka heilbrigðisástand hans og gefa henni skýrslu um hvernig veikindunum er varið og hvort von sje um bata. Þessarar skýrslu yðar er óskað, til þess á henni að byggja ráðstafanir framvegis á fjölskyldu þessari.-

Til hjeraðslæknisins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29. júní 1909

763

Fátækranefndin hefur á fundi 24. þ.m. sambykkt styrkveitingu til handa Halldóri Þórðarsyni á Syðsta-Bergi hjer í bænum að upphæð 25 kr.-Samkvæmt æfiferilskýrslu Halldórs, er jeg sendi hjer með,er hann sveitlægur í Biskupstungnahreppi.Jeg bið yður því,herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfesti Halldórs,og jafnframt að innheimta hjá hreppnum 2/3 hluti upphæðar þessarar og senda mjer þær við fyrsta tækifæri.-

Aðsjónargjörð sú,er fram fór hjá Halldóri áður en styrkurinn var veittur sendist hjer með.-

Til Sýslumannsins í Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. júni 1909

764

Guðmundur Jóhannesson sjómaður úr Dýrafirði flutti hingað með fjölskyldu sina i fyrra. Hann hefur nú farið til Englands að sögn til að leita sjer atvinnu þar og hefur vanskilið eptir konu sina Mariu Bergdóttur með 2 börn og vanfæra að hinu þriðja. Konan hefur orðið styrksþurfi og hefur fátækranefndin á fundi 24. þ.m. samþykkt styrkveitingu henni til handa að upphæð 30 kr.-Guðmundur þessi mun vafalaust vera sveitlægur i Dýrafjarðarhreppi. Þar sem hann er erlendis hefur æfiferilskýrsla hans sjálfs ekki orðið tekin, en æfiferilskýrslu þá, er tekin var af konunni af umboðsmanni bæjarfógetans sendi jeg hjer með og ennfremur aðsjónargjörð þá, er fram fór áður en styrkurinn var veittur.

Jeg bið yður nú, herra sýslumaður, að útvega mjer yfirlýsingu hreppsnefndarinnar i Þingvallahreppi fyrir sveitfesti nefnds Guðmunda og jafnframt innheimta hjá henni 2/3 hluti af þessum 30 kr. og senda mjer við fyrsta tækifæri.-

Það er við því búið að konan þurfi að þiggja hjer miklu meiri fátækrastyrk og óska jeg að fá ráðstöfun hreppsnefndarinnar henni viðvikjandi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
29. júni 1909

765

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 10 kr., sem er leiga fyrir slægjur i mógröfunum i Vatnsmýrinni er Bergur Jónsson i Sauðagerði hefur greitt til min.-

Kvittun óskast við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29. júni 1909

766

Fátækranefndin hefur á fundi 24.þ.m. samþykkt styrkveitingu úr fátækrasjóði til handa Guðmundi Björnssyni Vesturgötu 25,eða konu hans.Guðmundur þessi fór á þessu vori til Austfjarða en kona hans með 4 börn varð hjer eptir og vantaði bjargræði fyrir sig og börn sin.Þar sem Guðmundur var fjærverandi varð ekki skýrsla tekin af honum sjálfum um æfiferil hans,en kona hans hefur fyrir umboðsmanni bæjarfógeta gefið skýrslu þá,er hjer með fylgir.Samkvæmt henni er enginn vafi á þvi,að Guðmundur er sveitlægur i Hafnahreppi,og bið jeg yður,herra sýslumaður,að útvega yfirlýsingu hreppsnefndar Hafnahrepps um sveitfesti Guðmundar og jafnframt innheimta hjá hreppnum 2/3 hluti af þessum 15[illegible]kr.-

Aðsjónargjörð sú,er fór fram áður en styrkurinn var veittur fylgir hjer með.-

Til Sýslumannsins i Gullbringu- og Kjósarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
29. júni 1909

767

Stefán Loðmfjörð nokkur, sem búsettur hefur verið hjer i bænum undanfarin ár fór á þessu vori til Austfjarða að jeg hygg til Loðmundarfjarðar ásamt konu sinni, en skildi hjer eptir eptir börn sin 4 næstm peningalaus. Heimilið var bjargarlaust og hefur því fátækranefndin hjer orðið að taka það til framfæris og hafa þegar verið útborgaðar til þess 10 kr.-Þar sem Stefán þessi og kona eru fjærverandi hefur ennþá engin skýrsla orðið tekin um æfiferil Stefáns en hann mun áreiðanlega vera sveitlægur eystra, að likindum i Loðmundarfirði. Jeg bið yður nú, herra sýslumaður að spyrja uppi verustað Stefáns og konu hans og láta taka æfiferilskýrslu hans og siðan útvega viðurkenningu frá hlutaðeigandi sveit fyrir sveitfesti hans, og þá jafnframt að leggja fyrir þá sveit að ráðstafa börnunum og endurgjalda 2/3 hluta af því, sem lagt verður úr sveitarsjóði hjer með börnunum.

Til Sýslumannsins i Suður-Múlasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

30. júni 1909



770

Í byrjun október 1908 var unglingsstúlkan Maria Bjarnadóttir sögð til sveitar hjer i kaupstaðnum sem vitskert,og var henni að sjálfsögðu komið fyrir á geðveikrahælinu að Kleppi.Jeg hef nú látið taka æfiferilskýrslu stúlku þessarar og sendi hana hjer með.Samkvæmt henni er enginn vafi á því,að stúlka þessi er sveitlæg i Selvogshreppi,og mælist jeg til að þjer,herra sýslumaður,útvegið mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni hið allra fyrsta.

Eins og meðfylgjandi reikningur geðveikralæknisins á Kleppi ber með sjer hefur fátækrasjóður Reykjavikur greitt framfærslukostnað Mariu á sjúkrahúsinu frá þeim degi,að hún var lögð á sjúkrahúsið og til jafnlengdar þetta ár,að upphæð kr. 182,50,og eruð þjer,herra sýslumaður, jafnframt beðinn um að innheimta upphæð þessa hjá Selvogshreppi.-

Til Sýslumannsins i Árnessýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik

30. Juni 1909

Jeg formoder at der allerede er losset alle rörene her til byen,og jeg undlader derfor ikke herved at meddele dem herved,herr kaptejn,at der kun er sat i land 1088 300 m/m rör,saaledes at der mangler 12 stykker af disse rör,idet de ifögle konnossementet og bestillingen skulde være 1100 stykker. I anledning heraf forbeholdes saavel Reykjavikby som afsenderen enhver ret imod deres rederi og dem,hvis ikke de ma<sup></sup>nglende rör bliver afleverede.-

Med særdeles agtelse.

Hr. kaptejn Rasmussen , S/S Hildur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesteren i Reykjavik

30. juni 1909

Herr Kaptejn Rasmussen , S/S Hildur .

Deres ærede af dags dato lige modtaget og til gensvar tjener fölgende :

Deres last som skulde modtages af Reykjavik byraad, med undtagelse af manglende 12 stykker 300 m/m rör er allerede bragt i land og losningen er foregaaet saa hurtig som deres certeparti forlanger. Yderligere blev der under losningen tilbudt dem at stille i retten et depositum tilstrækkelig stort til ~~at~~ betaling af fragten. Under disse omstændigheder har de ingen ret til at lade skibet blive liggende paa overliggedagspenge og jeg protesterer herved saavel paa ladningsmodtagerens som paa afsenderens vegne mod at de bliver liggende her. Hvis de imidlertid gjör dette er det saavel ladningsafsenderen som modtageren uvedkommende, og jeg nægter paa begges vegne at betale overliggedagspenge.

Med særdeles agtelse.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

30. júní 1909

771 773

Fátækranefndin hjer hefur orðið að ganga í ábyrgð fyrir legukostnaði unglingsstúlku, að nafni Þórey Guðmundsdóttir, sem eptir skipun læknis hefur verið lögð á sjúkrahúsið, veik af berklaveiki eptir því, sem læknir álitur. Jeg sendi hjer með æfiferilskýrslu stúlku þessarar og eptir henni er enginn vafi á því, að Þórey er sveitlæg í Reykhólasveit. Bið jeg yður, herra sýslumaður, að útvega mjer viðurkenningu hreppsnefndarinnar þar fyrir sveitfestinni, og ætti hreppsnefndin jafnframt að taka á sig ábyrgð þá, er fátækranefnd Reykjavíkur hefur gengið í fyrir greiðslu legukostnaðarins.-

Til Sýslumannsins í Barðastrandarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

30. júní 1909

774

~~772~~

Ólafur Ólafsson aldraður maður á Ísafirði, er mun vera fjölskyldumaður, hefur skrifað fátækranefndinni hjer og beiðzt framfærslustyrks, en nefndin vill ekki sinna beiðninni fyr en fengin er skýrsla um hag og heimilisástæður Ólafs. Jeg leyfi mjer því að fara þess á leit, að þjer, herra sýslumaður, látið taka og sendið mjer við fyrsta tækifæri skýrslu um hag manns þessa, og verði ekki hjá því komizt að veita honum styrk af fátækrafje óskast það gjört á Ísafirði gegn endurgjaldi hjeðan, ef Ólafur reynist að vera sveitlægur hjer.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

790

775

~~777~~

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

30. júní 1909

773

Jeg mun hafa gleymt að tilkynna yður, herra bæjargjaldkeri, að ómaganum Diðriku Hölter hefur verið komið fyrir hjá Sigrúnu Ólafsdóttur, Grettisgötu 37, með sama meðlagi og áður.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

775

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

30. júni 1909

774

Brjefi yðar,herra hreppsnefndaroddviti, dags. 2.þ.m.

svarast á þessa leið :

Fátækranefnd Reykjavikur vildi láta flytja Friðsemd

Jónsdóttur þegar á sveit sina og krafðist flutningsins af

bæjarfógeta,og hafði hjeraðslæknirinn gefið vottorð um,að

Friðsemd þótt vanfær væri,væri flutningsfær.En þegar til

kom áleit bæjarfógetinn að hann ekki gæti beitt valdi til

að fá Friðsemd flutta,þar sem hún var þunguð,og var því

ákveðið,að hún skyldi vera hjer þar til hún hefði alið barn-

ið.Það er þannig þvert á móti ósk fátækranefndar Reykjavikur,

að Friðsemd dvelur hjer ennþá,og fátækranefndin óskar,

að hreppsnefnd Sandvikurhrepps gangi i það að fá Friðsemd

flutta áður en hún elur barnið,en hún er ennþá ferðafær

svo framarlega sem hún fæst að fara i flutningavagninn

án þessu beita þurfi valdi til þess.-

Til hreppsnefndaroddvita Sandvikurhrepps.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

774

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

30. júní 1909

775

Fátækranefndin hjer hefur orðið að taka að sjer ábyrgð á legukostnaði ekkjunnar Guðríðar Guðmundsdóttur Njálsgötu 35, sem er sveitlæg utan Reykjavíkur. Jeg bið yður, herra bæjarfógeti, að láta taka sem allra fyrst sveitfestiskýrslu konu þessarar, sem nú liggur á franska spítalanum við Lindargötu.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

778

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

30. júni 1909

~~776~~

Með heiðruðu brjefi dags. 31.f.m. hafið þjer,herra járnsmiður,lofað að greiða að yðar hluta móts við Bræður yðar það er þurfi til framfæris föður yðar og óskið eptir að fá að vita hve mikið þjer þurfið að greiða. Eins og stendur er faðir yðar þyngsla ómagi og gjöri jeg ráð fyrir að það minnsta,sem komizt verði af með honum til sómasamlegs og þægilegs framfæris verði 300 kr. á ári,og er þess óskað að þjer sendið mjer sem fyrst 100 krónur sem meðþvi gjöf að yðar parti með honum.-

Fátækranefndin mun að sjálfsögðu gjöra yður og bræðrum fulla skilagrein fyrir hvernig varið verður fje því,er þið bræður leggið föður ykkar,en helzt hefði nefndin viljað kjósa,að þið sjálfir ráðstafið honum.-

Herra járnsmiður Klengur Jónsson , Bildudal.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

30. júní 1909

779

~~777~~

Með heiðruðu brjefi dags. 28. f.m. hafið þjer, tjáð yður fúsan til að leggja með föður yðar að yðar parti móts við bræður yðar það, er þurfi honum til framfæris og biðjið þjer um að fá að vita, hve mikið þjer þurfi að greiða árlega í því skyni. Þessu til svars er yður hjer með tjáð, að jeg gjöri ráð fyrir, að til sómasamlegs og bægilegs framfæris föður yðar þurfi 300 kr. árlega, og yðar hluti af þeirri upphæð yrði þá 100 kr. á ári. Það sem þjer á þessu vori hafið greitt honum til framfaris ætti að koma upp í þessa árs fúlgu, en eptirstöðvarnar vænti jeg að þjer sendið við fyrsta tækifæri.-

Fátækranefndin mun að sjálfsögðu gjöra yður og bræðrum yðar fulla skilagrein fyrir fje því er frá ykkur kemur í þessu skyni, en annars hefði nefndin helzt kosið, að þið bræðurnir hefðuð sjálfir ráðstafað föður yðar.-

Herra Torfi Jónsson Asknesi við Mjóafjörð.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1. júli 1909

778

Haustið 1907 veiktist i Kaupmannahöfn drengur að nafni Johan Edvards, óskilgetinn sonur Kristjönu Jóhannesdóttur nokkurrar, sem sveitlæg er hjer i bænum og er þvi sonur hennar einnig sveitlægur hjer. Fátækrastjórn Kaupmannahafnar kom drengnum á sjúkrahús og lá hann þar allan timann frá 8. nóv. 1907 til 1. nóv. 1908. Legukostnaður drengsins var allan þennan tima samtals 900 kr., eins og meðfylgjandi reikningar frá fátækrastjórn Kaupmannahafnar bera með sjer. Legukostnað þennan hefur fátækrasjóður Reykjavikur orðið að endurgjalda, en samkvæmt 78. gr. fátækralaganna ber að endurgreiða fátækrasjóði hjer það, sem umfram er 200 kr. eða 700 kr. Leyfi jeg mjer þvi virðingarfyllst að fara þess á leit, að hið háa stjórnarráð vildi ávisa mjer þessum 700 kr. úr landssjóði.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. júli 1909

779

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 15 kr. sem er endurgjald frá Bergþór Vigfússyni, Laugaveg 29, á fátækrastyrk þeim, er honum var veittur á þessu vori.-

Fyrir þessum 15 kr. óskast kvittun.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. júlí 1909

780

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 25 kr., sem er endurgjald frá Hvitársiðuhreppi á barnsmeðlagi, er greiddar voru úr fátækrasjóði 5. mai þ.á. fyrir Árna Helgason samkvæmt meðlagsúrskurði 24. okt. 1908. Fyrir þessum 25 kr. óskast kvittun yðar við tækifæri.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. júli 1909

781

Með heiðruðu brjefi dags. 26.f.m. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer 25 kr. frá Hvitársiðuhreppi. Er upphæð þessi endurgjald á barnsfúlgu, er Árna Helgasyni bar að greiða 5. mai þ.á. með barni hans og Halldóru Guðmundsdóttur Njálsgötu 40, samkvæmt meðlagsúrskurði dags. 24. okt. f.á., en fúlgu þessa hafði fátækrasjóður Reykjavikur lagt út til bráðabyrgða.-

Fyrir þessum 25 kr. kvittast hjer með.-

Til Sýslumannsins i Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2. júlí 1909

782

Jeg endursendi yður hjer með meðlagsúrskurð útgefinn 24. okt. f.á., er skyldar Árna Helgason úr Hvítársíðuhreppi til að gefa 50 kr. árlega með Guðrúnu dóttur ykkar.

Til lauskonunnar Halldóru Guðmundsdóttur, Njálsgötu 40.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur